



SHAUÐÖR
skoðun 10

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Híbyli og viðhald



Risalagersala Forlagsins
er á Fiskislóð 39

BÓKA
LAGERSALA

allt að
90%
afsláttur

Yfir
3000
titlar

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

20. september 2010
220. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Einstakur maður

María Sigrún gerir heimildarmynd um Reyni Pétur.

fólk 22

Fögur brjóstgjöf

Alþjóðleg brjóstgöfjavika hefst á því að mjólkandi mæður verða ljósmyndaðar.

tímamót 12




Blikar í lykilstöðu

Breiðablik er efst fyrir lokaumferð Íslandsmótsins. Haukar og Selfoss eru fallin.

sport 18 og 19

veðrið í dag



HÆGVIÐRI EN SVALT í dag má búast við hægri norðaustlægri átt, víða 3-8 m/s. Norðantil má búast við súld eða slyddu en vestanlands þykkjar heldur upp.

VEÐUR 4

Íslensk olíufélög leggja mest á

Álagning á bensínlítrann hérlendis var tvöfalt hærri en í Svíþjóð í fyrra. Olíufélögin hérlendis hafa minnkað álagningu það sem af er 2010. FÍB vill meiri lækkun en forstjóri N1 vísar til smæðar og flutningskostnaðar.

NEYTENDAMÁL Álagning á hvern bensínlítra á sjálfsafgreiðslustöðvum íslensku olíufyrirtækjanna er talsvert hærri en gengur og gerist í Danmörku og Svíþjóð. Var meðalálágning til dæmis tvöfalt hærri hérlendis en í Svíþjóð árið 2009.

Samkvæmt tölum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, var meðalálágning íslensku félögunna 31 króna á hvern lítra í fyrra. Samberileg upphæð í Svíþjóð var 14 íslenskar krónur, samkvæmt upplýsingum þarlandra olíufélaga. Í Danmörku nam álagning rúmum 20 íslenskum krónum að því er fram kemur á vef samtaka þarlandra olíufélaga en í Noregi var álagningin 28 krónur.

31kr. Meðalfjárhæð álagningar íslensku olíufélögunna á hvern bensínlítra.

SKV. FÉLAGI ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA

Ástandið virðist hafa breyst til hins betra á þessu ári, en meðaltal fyrstu níu mánaða ársins er komið niður í 28 krónur. Það er með lægra móti þegar litið er til síðustu missera hér á landi og verð framreiknað að núvirði.

Þegar litið er aftur til ársbyrjunar 2008 sýna tölur FÍB að álagning

á bensín innan þess tímabils var hæst í nóvember 2008, þegar olíufélögin tóku til sín 41 krónu á hvern lítra. Lægst var álagning á bensínlítrann hins vegar í júní þessa árs þegar rúmar 24 krónur runnu til félögunna.

Varðandi fyrstu níu mánuði þessa árs voru ekki tiltækar tölur frá Noregi, en álagning dönsku félögunna virðist standa í stað og hjá sænsku félögunum hefur álagning hækkað eilítið, eða upp í 17,5 krónur miðað við 28 krónur hér á landi, eins og að ofan greinir.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir þessar tölur geta staðist, en flutningskostnaður sé hærri hér á landi og félögin hér

gefi öll afslætti ofan á listaverð. „Nettóálagning okkar er töluvert lægri þegar dæmið er gert upp. Ég veit ekki hvernig þessu er háttað í Svíþjóð en held að það sé minna um afslætti þar en hér á landi.“

Hermann telur að sé það tekið með í reikninginn, verði álagningin svipuð, og það sé í raun óeðlilegt miðað við stærðarmun á mörkuðum hér og í Svíþjóð.

Hann segir aukinn stöðugleika upp á síðkastið leiða til þess að álagning sé nú við lægstu mörk.

„Við í FÍB höfum lengi haft þá skoðun að álagning sé of há hér á landi í samanburði við nágrannalöndin,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. - þj



100. TITILLINN Það var mikil gleði á Hlíðarenda í gær þegar kvennalið félagsins í knattspyrnu lyfti Íslandsbikarnum. Þetta var 100. titill félagsins í meistaraflakki frá stofnun félagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bandalag mið- og hægri flokka heldur velli í Svíþjóð samkvæmt útgönguspá:

Reinfeldt talinn halda völdum

SVÍÞJÓÐ Sænska ríkisstjórnin virtist ætla að halda velli samkvæmt útgönguspá, en kjörstöðum var lokað klukkan 18 í gærkvöldi. Spáin gerði ráð fyrir að kosningabandalag mið- og hægri flokka fengi 49,1 prósent atkvæða og bandalag vinstri flokka fengi 45,1 prósent. Þá gerði spáin ráð fyrir að Svíþjóðardemókratar, sem berjast gegn veru innflytjenda í landinu, næðu mönnum inn á þing í fyrsta sinn með 4,6 prósentum atkvæða.

Ef Fredrik Reinfeldt forsætisráðherra verður áfram við stjórnvölinn eftir kosningar er það í fyrsta sinn frá því á þriðja áratugnum sem leiðtogi á hægri væng sænskra stjórn mála nær endurkjöri eftir að hafa verið við völd í heilt kjörtímabil.

Á kosningavöku í gærkvöldi áréttaði Reinfeldt þá afstöðu sína að hann myndi ekki leita eftir samstarfi við Svíþjóðardemókrata í ríkisstjórn. Slíkt hið sama höfðu forystumenn annarra flokka einnig gert, en innflytjendur eru um fjórtán prósent af íbúum Svíþjóðar. Stærsti innflytjendahópurinn eru Finnar, en einnig eru margir innflytjendur frá Írak, fyrrum ríkjum Júgóslavíu og Póllandi.

Fengi Jafnaðarmannaflokkurinn þrjátíu prósent atkvæða, eins og útgönguspáin gerði ráð fyrir, myndi hann tapa rúmum fimm prósentum frá síðustu kosningum. Flokkurinn er enn sá stærsti í Svíþjóð en hefur ekki notið jafn lítills fylgis í tæpa öld.

- kg



SVÍÞJÓÐ Fredrik Reinfeldt gekk glaðbeittur til kosninga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

Eignir flæða yfir lánastofnanir:

Bankarnir eiga hundruð íbúða

VIÐSKIPTI Íbúðalánasjóður og stóru bankarnir þrír eiga yfir 1.500 fasteignir og fjöldi þeirra stendur auður. Þar af eru tólf hundruð einbýlishús, raðhús og annað íbúðarhúsnæði. Gangi svartsýnustu spár eftir munu ÍLS og bankarnir þrír hafa leyst til sín 1.550 íbúðir um næstu áramót.

Bankarnir gera ráð fyrir að eiga fasteignirnar í eitt til fimm ár. Þeir sem tapa húsnæði sínu til lánastofnana er oftast gefinn kostur á að búa í íbúðum sínum í ákveðinn tíma. Af 822 íbúðum ÍLS eru 227 í leigu og 202 í rýmingu.

Félag fasteignasala hefur ekki áhyggjur af að lánastofnanir setji margar eignir á markað í einu. Það sé hagar allra að mjetla eignunum út svo áhrif á markaðinn verði sem minnst.

Meirihluti yfirtekens íbúðahúsnæðis Arion banka og Landsbanka eru á höfuðborgarsvæðinu, eða allt að 75 prósent. - jab, shá



NÝ BRAGÐTEGUND
SKÓGARBERJA

NÝR JÓGÚRTDRYKKUR



létt&laggott





Árni, ertu búinn að gera garðinn frægan?

„Nei, við erum enn uppteknir við að verka uppskeruna.“

Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður leikstýrði heimildarmyndinni Backyard sem var opnunarmynd kvikmyndahússins Blós Paradísar.

Seðlabankastjóri sáttur:

Búið að ganga frá sölu á FIH

VIÐSKIPTI Danskri bankinn FIH Erhvervsbank hefur verið seldur dönsku lífeyrissjóðunum ATP og PFA, sænska tryggingafyrirtækinu Folksam og fyrirtækinu CPDyvig fyrir allt að 103 milljarða króna. Seðlabanki Íslands tilkynnti um þetta í gær.

Seðlabankinn á veð í 99,89 prósentu hlut í bankanum vegna 500 milljóna evra þrautavaráláns sem veitt var til Kaupþings haustið 2008. Strax eru greiddir 1,9 milljarðar danskra króna af fimm, eða um 40 milljarðar íslenskra króna.

Haft er eftir Mát Guðmundssyni seðlabankastjóra í tilkynningunni að salan sé ágæt miðað við aðstæður. Seðlabankinn fái strax talsverða upphæð í erlendum gjaldreyri og eigi möguleika á að endurheimta veð sitt að fullu. - sh

Vill forkaupsrétt að HS orku:

Katrín er sam-mála Svandísi

STJÓRNSÝSLA Skýrsla Magma-nefndarinnar sýnir að kaup Magma á HS orku samræmdust lögum, að sögn Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra. „Ég sé ekki betur en að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að samningaleiðin sé sú eina færa,“ segir hún.

Katrín segir að það myndi kosta ríkið tugmilljarða að ganga inn í kaupin á þessari stundu, og því sé rétt að ganga til samninga við Magma um forkaupsrétt ríkisins og styttri leigutíma á auðlindinni og láta þar við sitja.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sagði í fréttum um helgina að niðurstaða nefndarinnar breytti engu um afstöðu ríkisstjórnarinnar. Áfram skuli stefnt að því að leiðrétta stöðuna gagnvart HS orku með tilliti til almannahagsmuna. Katrín segir að samningar við Magma yrðu í þágu almannahagsmuna og að þessu leyti séu þær því sammála. - sh

Óþægilegt að geta ekki rætt gögnin

ALÞINGI Það er einkennilegt og óþægilegt staða að geta ekki rætt inntak trúnaðargagna þingmannanefndar Atla Gíslasonar með opin-skáum hætti í þinginu vegna trúnaðar sem á þeim hvílir. Þetta segir Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Birgir kynnti sér gögnin um helgina og segir að efni þeirra hafi í engu breytt afstöðu hans til hugsanlegrar málshöfðunar á hendur fyrrverandi ráðherrum. „Það sem vekur athygli er hvað þessi gögn eru rýr miðað við það hve mikla áherslu Atli Gíslason lagði á þau



BIRGIR ÁRMANNSSON

í ræðu sinni á föstudaginn,“ segir Birgir. Í gögnunum sé þó mikið um lögfræðilegar vangaveltur álitsgjafa nefndarinnar sem Birgir hefði viljað ræða á Alþingi. Hluta þeirra hafi Atli vísað til í ræðu sinni en öðrum hafi hann sleppt. Birgir segir að æskilegt hefði verið að gögnin væru opinber svo

ekki þyrfti að ræða efni þeirra í vefréttastíl eins og gera þarf með trúnaðargögnum.

Umræða um málið hefst í dag. Ræðutími hvers þingmanns er takmarkaður en óvíst er hversu lengi umræðurnar munu vara. Atli Gíslason vill að þeim loknum fá málið aftur til þingmannanefndar sinnar, en Birgir er sammála formanni allsherjarnefndar, Róberti Marshall, um að skynsamlegt væri að fá málið í allsherjarnefnd. Þannig gæfist öðrum þingmönnum tækifæri til að leggja mat á störf þingmannanefndarinnar. - sh


Sex mál hafa borist fagraði:

Gerendur gætu verið fleiri

ÞJÓÐKIRKJAN Mál sex starfsmanna þjóðkirkjunnar hafa borist fagraði kirkjunnar um kynferðisbrot frá því það tók til starfa fyrir um ellefu árum.

Séra Gunnar R. Matthíasson, formaður ráðsins, býst við því að gerendurnir séu mun fleiri. „Ég reikna með að þau gætu kannski verið fleiri, kannski tvöfalt fleiri,“ segir hann. Gunnar segist ekki hafa nákvæma tölu um þolendur í málu starfsmannanna sex en segir að allt að þrjú þolendur tengist hverju máli.

Fjöldi landsmanna sem fæddur er hvern dag ársins



Heimild: Vefur Hagstofu Íslands

Langfæstir fæðast í kringum hátíðirnar

Fæstir Íslendingar eiga afmæli á jóladag og aðra daga í kringum hátíðirnar. Flestir eiga afmæli einhvern tímann yfir sumarið. Árstíðabundin sveifla hefur verið á fæðingum, en hún er nú óðum að hverfa segir sagnfræðingur.

SAMFÉLAG Talsverðar sveiflur eru í fæðingum eftir dögum ársins, en þær voru þó umtalsvert meiri fyrr á árum. Flestir Íslendingar eiga afmæli í sumarmánuðunum, en fæstir yfir háveturinn, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Fæstir Íslendingar eiga afmæli á jóladag, 25. desember, 666 talsins. Aðrir dagar í kringum jólahátíðina virðast ekki heldur vinsælir til barneigna. Alls eiga 705 Íslendingar afmæli 31. desember, og litlu færri 24. desember og 26. desember.

Ólöf Garðarsdóttir, dósent í sagnfræði á menntavísindasviði Háskóla Íslands, segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar. Fæðingar

séu ekki settar í gang þessa daga, og börn ekki tekin með keisarskurði nema slík aðgerð þoli enga bið.

Langsamlega fæstir eiga þó auðvitað afmæli 29. febrúar, enda bætast aðeins ný afmælisbörn í hópinn fjórða hvert ár.

Algengasti afmælisdagur landsmanna er 16. júlí, en 974 eiga afmæli þann dag, nær helmingi fleiri en eiga afmæli á jóladag. Litlu færri eiga afmæli 2. október, og fjölmargir eiga einnig afmæli í byrjun ágúst, eins og sjá má í meðfylgjandi súluriti.

Prófunin hefur verið sú að algengara er að börn fæðist á sumrin en á veturna, segir Ólöf. Mikið hefur dregið úr slíkum árstíðasveiflum

á undanförunum þremur áratugum og þær séu nú að hverfa.

Ólöf segir skýringuna á þessu ekki hafa verið rannsakaða í þágu. Margt geti komið til. Þannig hafi giftingar oft farið fram á haustin, og ekki óalgengt að fyrsta barnið hafi verið komið undir þegar athöfnin hafi farið fram. Þá geti líka spilað inn í að karlmenn hafi víða farið í verbúðir yfir vetrartímann og kynlíf því minna stundað á meðan.

Ólöf segir að áhugavert væri að rannsaka áhrif næringarlegs ástands mæðra, enda yfirleitt mest til í búinu í lok sumars og þær því mögulega betur í stakk búnar til að ala börn. Mögulega geti það skýrt hluta árstíðasveiflunnar.

brjann@frettabladid.is



NIÐURFERÐIN HAFIN Fénu var slakað 65 metra niður í sókningsbátinn Lubba. MYND/ÓSKAR PÉTUR FRÍÐRIKSSON

Smölun í Suðurey gekk vel:

Fénu slakað af bjargbrúninni

VESTMANNAEYJAR Það var margt um manninn og fólk á öllum aldri sem tók þátt í leiðangrinum út í Suðurey, suðvestur af Heimaey, um helgina. Þangað fóru fjárbændur á tveimur „tuðrum“, eins og bátarnir eru kallaðir, til að ná í fé sitt og flytja til lands og til að rýja og bólusetja féð sem verður í eygni í vetur.

Bændur í Suðurey eru lundakarlar sem hafa féð þar til að halda eygni í ræktun, en einnig býr féð til göngustíga fyrir lundakarla og éta gras frá lundaholunum svo þær lokist ekki.

Sókningsbáturinn Lubba náði í féð sem í land fór. Féð var sett í net og slakað niður 65 metra frá bjargbrúninni niður í bátinn. - kg

Árásir í norðurhluta Bagdad:

Bílsprengjur grönduðu 23

ÍRAK Tuttugu og þrjú létust og um hundrað særðust er tvær bílsprengjur sprungu á tveimur stöðum í norðurhluta Bagdad í gær.

Sprengingarnar urðu í grennd við símafyrirtæki í borginni, en ekki er ljóst hvort það hafi verið skotmark hryðjuverkamannanna.

Ofbeldishrina hefur riðið yfir landið í sumar og voru júlí- og ágúst mánuðir þeir blóðugustu í rúm ár. - sm

Starfsmaður HB Granda á Vopnafirði skemmdi tæki og búnað með sleggju:

Drukkinn gekk berserksgang

LÖGREGLUMÁL Starfsmaður HB Granda á Vopnafirði vann mikil spjöll á tækjum og tólum með sleggju í frystihúsi fyrirtækisins aðfaranótt laugardags. Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, var handtekinn á laugardag og sleppt eftir yfirheyrslur. Hann játaði verknaðinn og telst málið upplýst af hálfu lögreglu.

Maðurinn fór inn í húsnæði fyrirtækisins aðfaranótt laugardags og skemmdi tæki og búnað, meðal annars prentara og tölvur. Við atganginn fór brunavarnakerfi af stað og í kjölfarið kom vakthafandi vélstjóri að manningum, sem þá hafði látið af iöju sinni. Í kjölfarið var Magnús Róbertsson vinnslustjóri kvaddur á vettvang, og var maðurinn sóttur af bróður sínum skömmu síðar.

Magnús segir manninn hafa verið talsvert drukkinn en þó rólegan þegar aðra bar að garði eftir berserksganginn. „Þetta er mjög leiðinlegt mál því þetta er dagfarsprúður piltur og góður starfskraftur. Ég veit ekki til þess að hann hafi átt nokkuð sökótt við fyrirtækið og held að honum hafi liðið vel í vinnunni. Það var líf í bænum þetta kvöld og ég skrifa þetta frekar á að hann hafi fengið sér of marga bjóra,“ segir Magnús. Enn á eftir að reikna



VOPNAFJÖRÐUR Maðurinn vann spjöll á tækjum og búnaði húsnæðis HB Granda.

út hversu mikið tjónið er en það hleypur minnst á hundruðum þúsunda króna.

Að sögn Magnúsar hefur framtíð mannsins innan fyrirtækisins ekki verið ákveðin, en hann verið sendur tímabundið í launalaust leyfi. - kg

BRIDS SKÓLINN



Byrjendur ... 27. september ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 29. september ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Byrjendanámskeið:** Allir geta lært að spila brids, en það tekur svolitinn tíma í upphafi að átta sig á leikreglum. Það er fólk á öllum aldri sem sækir skólann og ekkert mál að mæta stakur/stök. Sjá bridge.is/fræðsla.
- **Framhaldsnámskeið:** Námskeiðið hentar breiðum hópi spilara, bæði þeim sem töluvert kunna og eins hinum sem eru tiltölulega nýbyrjaðir. Sjá bridge.is/fræðsla.
- **Staður:** Síðumúli 37 í Reykjavík.

Uppl. og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.

Hvaða áhrif hefur dómur Hæstaréttar á bílalánið þitt?

■ Hvað verður um lánið þitt?

Nýtt lán verður stofnað um eftirstöðvar gengis-tryggða lánsins. Lánið verður endurreiknað, gengistrygging höfuðstóls fellur burt og miðað verður við óverðtryggða vexti Seðlabankans.

■ Hvenær get ég fengið útreikning á láninu mínu?

Útreikningar munu liggja fyrir 1. október nk. og vera aðgengilegir á heimasíðu Íslandsbanka Fjármögnunar.

■ Hvað ef ég hef ofgreitt?

Ef þú átt inneign hjá Íslandsbanka Fjármögnun getur þú lækkað nýja lánið þitt um þá fjárhæð með innborgun inn á höfuðstól nýja lánsins, eða kosið að fá inneign þína greidda inn á bankareikning. Hafir þú vangreitt þá verður þeirri upphæð bætt við nýja lánið.

■ Hvernig verður nýja lánið?

Það verður í óverðtryggðum íslenskum krónum og þú getur valið um að halda núverandi lánstíma, eða stýtt tímum ef það hentar þér betur.

Íslandsbanki gerir þann fyrirvara við ofangreint að verði boðað frumvarp viðskiptaráðherra að lögum getur það haft áhrif á útreikning og uppgjör viðkomandi lána Íslandsbanka Fjármögnunar.

Kynntu þér málið nánar á islandsbanki.is eða hafðu samband við ráðgjafa Íslandsbanka Fjármögnunar.

■ Hvað þarft þú að gera?


Þú munt fá lykilorð sent í netbankann þinn. Þann 1. október getur þú skráð þig inn á heimasíðu Íslandsbanka Fjármögnunar og skoðað endurútreikninga á láninu þínu. Þar skráir þú inn netfang og við sendum þér ný lánaskjöl í tölvupósti. Þú prentar lánaskjölin út, undirritar og skilar til Íslandsbanka Fjármögnunar, eða í næsta útibú Íslandsbanka.

■ Hvenær gerist þetta?

Þegar undirrituðum lánaskjölum hefur verið skilað til Íslandsbanka verða endurútreikningar framkvæmdir og endanlegt uppgjör fer fram. Miðað er við að fyrsti gjalddagi á nýju láni verði í nóvember.

■ Hvað með yfirtekin lán?

Íslandsbanki mun tilkynna ákvörðun um það hvernig haga skuli uppgjöri slíkra lána um leið og hún liggur fyrir. Viðskiptavinir eru hvattir til að fylgjast með framvindu mála á heimasíðu Íslandsbanka.



Næstu skref

- 1 Útreikningar á láninu þínu aðgengilegir 1. október
- 2 Þú undirritar ný lánaskjöl og skilar til Íslandsbanka
- 3 Uppgjör fer fram

Íslandsbanki Fjármögnun
islandsbanki.is/fjarmognun
fjarmognun@islandsbanki.is
 Kirkjusandi – 155 Reykjavík
 Sími 440 4400


 Íslandsbanki

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	116,58 117,14
Sterlingspund	182,63 183,51
Evra	152,61 153,47
Dönsk króna	20,491 20,611
Norsk króna	19,177 19,289
Svænsk króna	16,526 16,622
Japanskt jen	1,3584 1,3664

SDR 177,67 178,73

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,6002
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ivan Gasparovic, forseti Slóvakíu, átti fund með forseta Íslands á Bessastöðum í gær:

Forsetar ræddu aðildarumsókn Íslands

BESSASTADIR Forseti Slóvakíu, Ivan Gasparovic, átti fund með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, á Bessastöðum í gær. Þjóðarleiðtogarnir ræddu meðal annars nýtingu jarðvarma til orkuframleiðslu og umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Slóvakía fékk aðild að Evrópusambandinu árið 2002 og segir Gasparovic inngöngu í sambandið hafa átt stóran þátt í efnahagslegri uppbyggingu landsins undanfarin ár.

Gasparovic kom til landsins í gær og heldur áfram for sinni síðar í dag. Hann fundar með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra áður en hann heldur af landi brott

auk þess sem hann heimsækir Alþingi.

Gasparovic hefur gegnt embætti forseta frá árinu 2004 og er sá eini í sögu landsins sem náð hefur endurkjöri.

Íslandsdeild Amnesty International afhenti helstu ráðamönnum landsins bréf í gær þar sem íslensk stjórnvöld eru hvött til þess að vekja athygli forseta Slóvakíu á mannréttindabrotum gegn rómabörnum í Slóvakíu. Þúsundir rómabarna þar í landi hljóta að sögn Amnesty International ófullnægjandi menntun í skólum sökum aðskilnaðarstefnu sem ríkir innan menntakerfisins.

Samtökin efna til mótmælafundar fyrir fram alþingishúsið klukkan 9.10 í dag - sm



RÆDDU SAMAN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, átti fund með forseta Slóvakíu, Ivan Gasparovic, á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Makrílnum líkt við engisprettufaraldur

Hafrannsóknastofnun hefur staðfest að makrílgöngur við landið hafa aldrei verið stærri. Smábátar fyrir austan veiða makrílinn inni á fjörðum troðinn af loðnuseiðum. Óljóst er hvaða áhrif göngurnar hafa á vistkerfið í hafinu.

SJÁVARÚTVEGUR Makrill sem veiddur var inni á Berufirði fyrir nokkrum dögum var troðinn af loðnuseiðum. Á sama tíma og samnorrænn rannsóknaleiðangur mælir milljónir tonna af makrill á ferðinni á hafsvæðinu kringum landið spyrja sjómenn hvaða áhrif göngurnar hafi á aðra stofna. Sú vitneskja fæst ekki nema með frekari rannsóknnum, að sögn sérfræðinga.

„Besta samlíkingin er líklega engisprettufaraldur“, segir á vef Landssambands smábátaeigenda og til þess vísað að 25 grömm af tveggja sentimetra loðnuseiðum fundust að meðaltali í maga makrills sem veiddist fyrir austan. „Það þarf hvorki fjörugt ímyndunarafli né mikla reiknihæfileika til að átta sig á því hvers konar ryksugur makrílforfurnar eru við slíkar aðstæður“, segir á vef LS.

Í sumar var farinn sameiginlegur rannsóknaleiðangur Íslendinga, Norðmanna og Færeyingar í kringum Ísland, Færeyjar og í norska hafinu. Vísendingar eru um að fjórar til fimm milljónir tonna af makrill hafi verið á svæðinu, þar af um 650 þúsund tonn á því svæði sem rannsóknaskipið Árni Friðriksson kannaði innan íslensku lögsögunnar.

Sveinn Sveinbjörnsson, sérfræðingur á nytjastofnasviði Hafrannsóknastofnunar, segir eðlilegt að loðnuseiði finnist í maga makrills fyrir austan. Makríllinn taki loðnuseiði þar sem þau gefast, eins og fleiri tegundir. „En aðal útbreiðslusvæði loðnuseiða er í kalda sjónum úti fyrir Norðurlandi



ÞORSTEINN KEMUR TIL LÖNDUNAR Makríllkvóttinn er 130 þúsund tonn sem er tvö til þriðju prósent af því magni sem er á ferðinni í Norður-Atlantshafi. Þorsteinn ÞH-360 hefur veitt 4.665 tonn af makrill í sumar. MYND/ÓSKAR

þar sem ekki finnst mikill makrill. Ef makríllinn hins vegar ryðst þar inn færi maður að hafa verulegar áhyggjur.“

Sveinn gefur lítið fyrir upplýsingar um makrílnum eins og „rottur hafsin“ og „engisprettur“. Hér sé kominn að landinu geysilega verðmætur stofn „og ég reikna með því að sjómenn séu að vitna til þess að ástæða sé til að veiða meira en nú er gert.“

Sveinn segir makrílgöngurnar hafa komið á mikilvægum tíma þar sem loðnan hafi lítið gefið sig frá 2006. Sama magni segja um kolmunna og veiðar úr íslenska síld-

arstofninum gefi minna en áður. Líkur séu jafnframt á minni veiði úr norsk-íslenska síldarstofninum en verið hefur. „Hvað loðnuna varðar þá minni ég á að makríllinn var ekki farinn að ganga hingað þegar loðnustofninn gaf eftir. Þar ber frekar að líta til umhverfisbreytinga. Það eru vísendingar um að seiðin berist norður í haf og síðan jafnvel vestur undir Grænland. Þar lenda þau í Austur-Grænlandsstrauminn og það er ekki víst að þessi seiði skili sér hingað aftur í einhverju magni.“ svavar@frettabladid.is



Á LANDLEIÐ Togarinn fylgdi bátunum áleiðis. MYND/GUÐMUNDUR ÁSKELSSON

Í vanda á leið frá Grænlandi:

Skemmtibáti fylgt til lands

ÖRYGGISMÁL Landhelgisgæslunni barst í gærmorgun beiðni um aðstoð frá skemmtibátunum Gypsy Life, sem var í vandræðum um niútiú sjómílur vestur af Bjargtöngum. Var báturinn á leið frá Grænlandi til Íslands með tvö um borð. Vindhraði á svæðinu var töluverður með krappri öldu.

Varðstjórnar LHG höfðu samband við togarann Guðmund í Nesí sem staddur var um fimmtán sjómílur frá bátunum. Björgunarskipi Slysavarnafélagsins á Patreksfirði var siglt til móts við skipin og tók við fylgd bátsins. Ekki var ákveðið hvar komið yrði til hafnar þegar blaðið fór í prentun. - shá

Meintir fjársvikarar í haldi:

Yfirheyrslur héldu áfram

LÖGREGLUMÁL Yfirheyrslur héldu áfram um helgina yfir sexmanningnum sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa sviikið út hátt í 300 milljóna króna endurgreiðslur á virðisaukaskatti.

Jón H.B. Snorrason, sem hefur yfirumsjón með rannsókninni, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að fleiri hafi verið yfirheyrðir vegna málsins.

Matsmenn og lánardrottnar: Fjölgað verði á lista yfir ábyrga

ALÞINGI Pétur H. Blöndal Sjálfstæðisflokki vill að erlendum matsfyrirtækjum og lánveitendum bankanna verði bætt við ályktun Alþingis um þá er mesta ábyrgð bera á bankahruninu.

Pingmannanefnd leggur til að ályktað verði að stjórnendur og helstu eigaendur fjármála-fyrirtækja beri mesta ábyrgð. Að auki vill Pétur að veulu í hlutabréfaforminu verði einnig kennt um.

Í breytingatillögu við þingsályktun nefndarinnar leggur Pétur jafnframt til að Alþingi verði launagreiðandi þingmanna en ekki fjármálaráðuneytið, þingmenn einir semji frumvörp eða ritstýri þeim og að fall sparisjóða og váttryggingafélaga verði rannsakað. - bps



PÉTUR BLÖNDAL

Talning tekur nokkra mánuði

AFGANISTAN Talning atkvæða hófst í Afganistan í gær en þingkosningar fóru fram í landinu á laugardag. Kosningareftirlitsmenn hafa lýst yfir áhyggjum af framkvæmd kosninganna. Búið er við að talning atkvæða geti tekið nokkra mánuði.

Núverandi þing hefur glatað trausti þjóðarinnar vegna gruns um víðtækt kosningasvindl í forsetakosningunum sem fram fóru í landinu á síðasta ári.

Árásir hryðjuverkamanna á kjörstaði víða um landið trufluðu kosningarnar sem og störf eftirlitsmanna, en um sjö þúsund eftirlitsmenn fylgdust með kosningunum í ár. - sm

kostur Spörum og njótum lífsins

Opið alla daga 10-20

Já takk

Hakk á tilboði í dag

Kostur Nautahakk

697 kr/kg

Verð áður: 995 kr/kg

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is

Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HÆGT EN SVALT í dag og næstu daga eru horfur á fallegu haustveðri. Vindur verður fremur hægur og það verður heldur svalt í veðri. Búast má við einhverri úrkomu, einkum súld og slyddu á morgnana og kvöldin. Inn til landsins verður að mestu þurr og nokkuð bjart.

Á MORGUN 3-6 m/s og víða smá væta.

MÍÐVIKUDAGUR Hæg breytileg átt um allt land.

HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	23°
Berlín	19°
Billund	17°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	24°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	24°
London	20°
Mallorca	27°
New York	24°
Orlando	33°
Ósló	15°
París	22°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:

ix35



ENNEEM / SIA / NMA2717

ix35

Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og *ix35* frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka *ix35* og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.

Verð 4.990.000 kr.Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!**

i20

Sparneytinn og vandaður smábíll á frábæru verði.

Verð frá: 2.450.000 kr

i30

i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

Verð frá: 2.690.000 kr

KJÖRKASSINN



Ertu ánægð(ur) með niðurstöðu Hæstaréttar varðandi gengis-tryggð lán?

JÁ 28,8%
NEI 71,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að rannsaka þátt Íbúðalánasjóðs í þenslunni í aðdraganda falls bankanna?

Segðu skoðun þína á visiris

Nýjung á Grundartanga:

Ætla að byggja hér verksmiðju

IBNAÐUR „Við ætlum að hefja hér byggingu á DME-verksmiðju mjög fljótlega,“ segir Ichiro Fukue, forstjóri Mitsubishi Heavy Industries (MHI). DME (dímetýl eter) er litarlaust gas sem hægt er að nota sem eldsneyti í lítið breyttum dísilvélum.

Fukue hélt erindi á Driving Sustainability-ráðstefnunni á föstudag, en í byrjun ársins var kynnt niðurstaða fýsileikakönnunar MHI og stjórnvalda á því að reisa slíka verksmiðju í tengslum við álverið á Grundartanga. Fyrirtækið á einnig í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur um framleiðslu á slíku eldsneyti. Fukue segir kostnaðinn við DME mjög samkeppnishæfan við olíu, en vonir standa til að með þessum hætti megi knýja bíla og skipaflota landsins á eldsneyti sem til verður í iðnaði innanlands. - óká

Bæjarfulltrúar í Reykjanesbæ munnhöggvast um fyrirsjáanlegan niðurskurð:

Segja hugmyndir vel kynntar

REYKJANESBÆR Fulltrúar allra stjórnmalaflokka sem eiga sæti í bæjarstjórn Reykjanesbæjar, og eiga jafnframt fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, ættu að þekkja til niðurskurðaráforma bæjarins, segir í tilkynningu frá bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar, sagði í viðtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær að hann hefði fyrst heyrt af 450 milljóna króna niðurskurðarhugmyndum, sem Árni Sigfússon bæjarstjóri hefur greint frá, í fjölmiðlum. Í tilkynningunni segir að í bæjar-



REYKJANESBÆR Fram undan er niðurskurður en bæjarfulltrúar minnihlutans gagnrýna hugmyndavinnuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ráði hafi tvívegis verið gerð grein fyrir hugmyndum um sparnað og niðurskurð. Þar kemur meðal annars fram að stefnt sé að 450 millj-

óna króna niðurskurði á ársgrundvelli. „Allir stjórnmalaflokkar sem eiga sæti í bæjarstjórn Reykjanesbæjar eiga jafnframt fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, þar á meðal í bæjarráði, þar sem niðurskurðaráform hafa verið kynnt. Fulltrúum þeirra hefur því frá fyrsta degi verið fullkunnugt um fyrirhugaðar niðurskurðarhugmyndir“, segir í tilkynningunni.

Friðjón segir að bæjarfélagið tapi um fjórum milljónum króna á dag en sjálfstæðismenn hafi í engu sinnt beiðni um samvinnu við að rétta bæjarfélagið við. - shá

Yfirlýsing undir kvöld:

Meirihlutinn segir ekki satt

REYKJANESBÆR Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ, sendi frá sér yfirlýsingu undir kvöld í gær til að ítreka orð sín um að niðurskurður í rekstri bæjarins hafi ekki verið ræddur í bæjarráði eða bæjarstjórn. Vísar hann í fundargerðir máli sínu til stuðnings og lýsir furðu yfir málatilbúnaði sjálfstæðismanna.

Minnihlutinn hafi jafnframt ítrekað lýst yfir samstarfsvilja við að rétta við rekstur bæjarins, án árangurs. - shá

STJÓRNSÝSLA

Vel að verki staðið

Vel var staðið að sameiningu Fasteignaskrár og Þjóðskrár að mati Ríkisendurskoðunar. Í skýrslu um sameininguna kemur fram að markmiðin með henni hafi verið skýr og ákvörðunin um sameiningu hafi verið tekin að vel athuguðu máli. Kostnaður við sameininguna er áætlaður um 100 milljónir króna.

SJÁVARÚTVEGUR

Vel veiddist af makríl

Makrílaflinn í ágúst var 30.720 tonn og var að mestu aflað í íslenski lögsögu, eða 28.802 tonn. Í færeyski lögsögu var aflað 1.133 tonnum og 785 tonnum á alþjóðlegu hafsvæði. Kolmunnaflinn í ágúst var 1.540 tonn. 1.312 tonnum var aflað úr íslenski lögsögu.

Fullnýttu heimildir

Krókaaflamarksbátar fullnýttu allar heimildir sínar á nýliðnu fiskveiðiári að ufsa undanskildum. Í aflamarkskerfinu voru tíu tegundir nýttar að fullu, en níu tegundir, þar á meðal ýsa, náðust ekki.

Þrír bankar eiga sjö hundruð fasteignir

Íbúðalánasjóður, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn sitja á 1.518 fasteignum. Þar af hafa sjóðurinn og bankarnir leyst til sín 952 íbúðir á síðastliðnu ári. Tæp þrjátíu prósent íbúðarhúsnæðisins er á höfuðborgarsvæðinu.

VIÐSKIPTI Íbúðalánasjóður (ÍLS) og viðskiptabankarnir þrír eiga rúmlega 1.518 fasteignir víða um land. Þar af eru 1.208 einbýlishús, raðhús og annað íbúðarhúsnæði, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Gangi verstu spár eftir munu ÍLS og bankarnir þrír hafa leyst til sín í kringum 1.550 íbúðir um næstu áramót.

Bankarnir seldu 33 íbúðir í síðasta mánuði og ÍLS sex. Það sem af september hefur sjóðurinn selt fjórtán íbúðir. Til samanburðar seldust 298 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og á Árborgarsvæðinu í síðasta mánuði, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands (áður Fasteignaskrá Íslands). Bæði yfirtaka á íbúðarhúsnæði og sala í gegnum fasteignasölur er þinglýst og skráð sem kaupsamningur.

ÍLS hefur eignast 539 íbúðir frá áramótum og á sjóðurinn 822 íbúðir. Tæpur helmingur þeirra er á Suðurnesjum og Austurlandi. Tólf prósent íbúðanna sem sjóðurinn hefur tekið yfir eru á höfuðborgarsvæðinu. Öðru máli gegnir um bankana. Þeir eiga 696 fasteignir, þar af flokkast 386 fasteignir til íbúðarhúsnæðis.

Meirihluti yfirtækis íbúðarhúsnæðis Arion banka og Landsbankans eru á höfuðborgarsvæðinu, eða á bilinu sjötíu til 75 prósent. Rétt rúm fjórutíu prósent íbúðarhúsnæðis Íslandsbanka eru á höfuðborgarsvæðinu.

Íslandsbanki gerir ráð fyrir að eiga fasteignir í eitt til tvö ár. Landsbankinn væntir þess að eiga þær lengur, eða í þrjú til fimm ár.

Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum og Íbúðalánasjóði er þeim sem missa hútaskjól sitt í hendur lánardrottna gefinn kostur á að leigja íbúðarhúsnæðið í allt að eitt ár í senn. Í sumum tilvikum er samningurinn styttri, allt frá þremur til sex mánaða og miðast við að börn geti lokið skóla. Af 822 íbúðum ÍLS eru 227 í leigu og 202 í rýmingu. Tæpur helmingur íbúðanna stendur auður. jonab@frettabladid.is



MIÐBORGIN Meirihluti yfirtækis íbúðarhúsnæðis Arion og Landsbankans er á höfuðborgarsvæðinu, eða nærfellt 75 prósent. Rúm 40 prósent íbúðarhúsnæðis Íslandsbanka er á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jafngildir hálfum Vesturbæ Reykjavíkur

Fasteignir í safni Íbúðalánasjóðs, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans jafngilda því að þessi fjögur fjármálayfirtæki eigi næstum allt íbúðarhúsnæði á Egilsstöðum og Seyðisfirði, sé stuðst við viðmiðun Hagstofunnar á meðalstærð heimila landsins. Á báðum stöðum búa 2.983. Hagstofan gerir ráð fyrir að að meðaltali 2,39 manns búi á hverju heimili. Til samanburðar búa tæplega 6.200 manns í gamla vesturbænum í Reykjavík. Miðað við meðaltalstölur Hagstofunnar eiga fjármálayfirtækin fjögur 47 prósent fasteigna þar.

Staðsetning íbúðarhúsnæðis ÍLS og bankanna þriggja

Fjármálastofnun/fyrirtæki	Á höfuðborgarsvæðinu	Utan höfuðborgarsvæðis
Arion banki	75	31
Íbúðalánasjóður	97	725
Íslandsbanki	60	84
Landsbankinn	102	34
Samtals:	334	874

Félag fasteignasala og lánastofnanir ásatt um meðferð fasteigna:

Mjattla fasteignum á markaðinn

Félag fasteignasala (FF), bankar og Íbúðalánasjóður hafa haft samráð vegna þess mikla fjölda fasteigna sem lánafyrirtækin eiga. Fyrirtækin munu ekki setja fasteignir í stórum stíl inn á markaðinn, enda myndi það ganga þvert á hagsmuni þeirra með fyrirsjáanlegum verðlækkunum.

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri FF, segir félagið hafa fundað með lánastofnunum og vilji um framhaldið liggi fyrir. Hann ótt-



GRÉTAR JÓNASSON

ast því ekki að eignasöfnunin hafi áhrif á fasteignamarkaðinn. „Bankarnir verða að tryggja sína hagsmuni sem fara saman við aðra á þessum markaði; að tryggja sölu eigna á sem bestu verði. Þetta verður gert faglega með því að mjattla þessum eign-

um smátt og smátt inn á markaðinn.“

Almennt telur Grétar að tími breytinga nálgist á fasteignamarkaði. Dómur Hæstaréttar muni, ef að líkum lætur, gera einstakar eignir söluhæfar. „Það er gríðarleg undirliggjandi eftirspurn á fasteignamarkaðnum vegna þess að þrjár kynslóðir hafa ekki skilað sér vegna hrunsins. Fjölmargir hafa verið að bíða og sjá hvað verður með lánin og fasteignaverðið almennt. - shá

ÆGIR

TILBOÐ
790.000,-kr.

ÆGISVAGN
Tilboð kr. 790.000

(fullt verð kr. 1.190.000)

Eigum til þrjá 2010 árgerð

Ægis tjaldvagna frá því

sumar.



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Lífrænt skiptir máli fyrir barnið þitt

- Engin erfðabreytt innihaldsefni
- Ræktað án notkunar meindýraeiturs



Kitlar bragðlaukana

Kiktu í heimsókn á www.hipp.is



20% afsláttur

798 kr. kg
Verð áður 998 kr.
Grænmetisbuff, fullleidd

25% afsláttur

898 kr. kg
Verð áður 1198 kr.
Hakkabuff, fullleidd

22% afsláttur

698 kr. kg
Verð áður 898 kr.
Grisabuff, fullleidd

449 kr. pk.
Grims plockfiskur

HAGKVÆMT OG GOTT FYRIR HEIMILIÐ

898 kr. kg
Ódýrir ýsubitar, roð- og beinlausir

30% afsláttur

589 kr. kg
Verð áður 848
Frosin, ósoðin lifrarpylsa, 4 stk.

39% afsláttur

489 kr. kg
Verð áður 798
Frosin, ósoðin blóðmör, 4 stk.

189 kr. stk.
Heimilisjógúrt, jarðarberja, karamellu og ferskju, 1 l

135 kr. pk.
BB rúgbrauð

188 kr. kg
Íslenskar rófur

127 kr. kg
Kartöflur í lausu

Öll verð eru birt með fyrirvara um premissillur og/öðr myndbreyting! EXPO - www.expo.is




Fáðu alltaf Vildarpunkta

Pú kemst fyrir og oftast út með American Express

Pú safnar Vildarpunktum Icelandair miklu hraðar með Icelandair American Express en öðrum greiðslukortum því þú færð alltaf punkta þegar þú notar kortið. American Express er líka eina greiðslukortið sem færir þér Félagamiða; aukamiða í Vildarferðina þína! Eins og taflan sýnir kemst þú bæði mun fyrir og mun oftast til útlanda á punktum með American Express!

Farðu til Evrópu báðar leiðir eftir aðeins 14 mánuði og taktu jafnvel félagann með þér!

Kostir Icelandair American Express eru ótvíræðir því þú færð punkta af öllum færslum en með Gull korti Visa frá Landsbankanum og Arion banka færð þú aðeins punkta hjá rúmlega helmingi sóluaðila (þeim sem eru með færsluhirðingu hjá Valitor). Hraði Vildarpunktasöfnunar er það sem skiptir þig máli! **Berðu kortin nánar saman á americanexpress.is**



Sæktu um kort núna á americanexpress.is.



Kortið sem kemur þér út

*Samantunurinn er miðaður við 240.000 króna veltu á mánuði. Hann tekur til fyrstu 14 mánaða notkunar kreditkorta með Vildarpunktasöfnun Icelandair, sambærilegu argjaldi, utan vildarþjónustu banka og án tilboða. Fyrir 18.000 Vildarpunkta færð þú ferð til Evrópu báðar leiðir með Icelandair.

Ríkisstjórnin hagar sér eins og kollegarnir gera í þriðjaheimsríkjum.

Holan dýpkar

Með hverju álitinu sem kemur fram um lögmæti kaupa Magma Energy á meirihlutanum í HS orku virðist ríkisstjórnin hverfa dýpra ofan í holuna sem hún hefur grafið í Magma-málinu.

Nefnd um erlenda fjárfestingu komst að þeirri niðurstöðu að kaupin væru í samræmi við lög. Það dugði ekki ríkisstjórninni, einkum og sér í lagi ekki ráðherrum Vinstri grænna, og fengin var ný nefnd til að fara yfir vinnu þeirrar fyrri og rýna enn á ný í íslensk lög og EES-samninginn til að kveða upp úr um lögmæti samningsins. Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir að eitthvað

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



megi gagnrýna í vinnubrögðum nefndar um erlenda fjárfestingu séu engir augljósir lagalegir annmarkar á kaupum Magma á meirihluta í HS orku. Grípa þyrfti til langsótttra lögskýringa sem fáir hafa trú á, ætti að finna út að kaupsamningurinn hafi verið ólögmætur.

Þrátt fyrir þetta heldur ríkisstjórnin sínu striki. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sagði í fréttum Ríkisútvarpsins á laugardag að „pólitísk afstaða“ ríkisstjórnarinnar væri óbreytt; áfram væri stefnt að því að „staðan gagnvart HS orku verði leiðrétt í þágu almannahagsmuna“, sem þýðir væntanlega að stjórnin vilji áfram að söluverði verði rift.

Hverjir eru almannahagsmunir í þessu máli? Það liggur ljóst fyrir, þótt ráðherra Vinstri grænna virðist stundum harðneita að skilja það, að orkuauðlindir á Reykjanesi hafa ekki verið seldar þótt Magma hafi keypt meirihluta í HS orku. Samkvæmt lögum eru auðlindirnar, svo og veiturar sem dreifa orku til almennings, í eigu opinberra aðila. Magma er eingöngu að fjárfesta í nýtingarréttinum, sem greitt er auðlindagjald fyrir.

Það er hins vegar mikilvægir almannahagsmunir að Ísland sé opið fyrir erlendra fjárfestingu. Það á ekki eingöngu við um orkugeirann eða HS orku. Við þurfum bráðnaðsynlega á erlendu áhættufjármagni að halda til að byggja upp aðra atvinnuvegi, enda er erlent lánsfé nú illfánlegt.

Hvaða skilaboð eru erlendum fjárfestum hins vegar send með því að ríkisstjórnin reyni að breyta eftir á samningum, sem ekkert bendir til að brjóti íslensk lög eða alþjóðasamninga? Hvernig lítur það fjárfestingarumhverfi út, þar sem stjórnvöld vilja breyta löglegum samningum að eigin geðþótta, út frá „pólitískri afstöðu“? Slíkt ber yfirleitt vott um pólitískan óstöðugleika, sem til þessa hefur fremur verið vandamál í þriðjaheimsríkjum en í okkar heimshluta. Enda er nú svo komið að erlendir fjárfestar eru farnir að setja ríkisstjórnina efst á listann yfir gallana við að fjárfesta á Íslandi, á undan krónunni og efnahagslegum óstöðugleika.

Vandræðagangurinn í Magma-málinu, og reyndar líka í málum sem varða fjárfestingu í orkufrekum iðnaði á borð við álver og gagnaver, smitar út frá sér. Með gjörðum sínum á sumum sviðum og aðgerðaleyfi á öðrum gerir ríkisstjórnin Ísland að slökum fjárfestingarkosti og seinkar endurreisn efnahagslífsins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Erindi Hreyfingarinnar

Hreyfingin er spes. Frá því að liðsmenn hennar settust á þing fyrir hálfu öðru ári hefur boðskapur þeirra að miklu leyti snúist um eitt: Að allt skuli vera uppi á borðum – alltaf og undantekningalaust. Leyndin sé ólíðandi og reyndar eitt helsta bál þessa samfélags. Gott ef hún olli ekki bankahruninu. Og þar hefur Hreyfingin ýmislegt til síns máls. Fyrir þessa ötulu baráttu á hún því hrós skilið.



Taktík Þórs

Nú bar svo við fyrir helgi að enn var krafist upplýsinga á Alþingi. Í þetta sinn var það þó ekki Hreyfingin sem kvartaði yfir leynd, heldur vildu þingmenn annarra flokka að vonum ekki sætta sig við að gögnum úr starfi þingmannanefndar Atla Gíslasonar yrði haldið frá þeim. Og þá var allt í einu komið annað hljóð í strokk Hreyfingarinnar. Þór Saari fagnaði ekki upplýsingastínum sem gripið hafði um sig í öðrum flokkum, heldur sagði hana „taktík“ til að eyðileggja og tefja málið. Það var skritin kúvending.



Heimspækin í öndvegi

Og svo lagði Hreyfingin líka fram breytingartillögu við skýrslu þingmannanefndarinnar. Premeningarnir vilja að heimspæki verði gerð að skyldufagi í grunnskólum landsins. Því það er ekki bara leyndin sem olli hruninu, heldur skortur á gagnrýnni hugsun í samfélaginu. Með því að kenna þjóðinni heimspæki má sem sagt koma í veg fyrir fleiri bankahrun. Það er vonandi rétt. En ætli Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi bankamálaráðherra, sé sammála því? Hann er jú með heila háskólagráðu í faginu. stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Mannréttindi tryggð

Landsdómsmál



Eygló Harðardóttir
þingmaður
Framsóknarflokksins

Fyrrverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, fullyrðir að þeir fyrrverandi ráðherrar sem Alþingi íhugar nú að stefna fyrir landsdóm sæti málsmeðferð sem stríði gegn mannréttindum. Einn rök hans virðast vera að landsdómur byggji á stjórnskipun nítjándu aldar. Því sé réttlætanlegt að vikja til hliðar stjórnarskrá og lögum landsins. Mannréttindi sem hluta af nútíma stjórnskipun má rekja til nokkurra sögulegra skjala; hins breska Magna Carta (1215), frönsku mannréttindayfirlýsingarinnar (1789), mannréttindaviðauka bandarísku stjórnarskrárinnar (1789) og mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (1948). Það eitt að lögum um landsdóm eigi sér gamlar rætur þýðir því ekki sjálfkrafa að þau stríði gegn nútíma mannréttindum.

Ég tel þvert á móti að vel hafi verið gætt að mannréttindum í meðferð málsins og treysti að svo verði áfram ákveði Alþingi að stefna umræddum fyrrum ráðherrum fyrir landsdóm. Þá afstöðu mína byggji ég m.a. á niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í máli danska ráðherrans Erik Ninn-Hansen. Danska þingið skipaði rannsóknarrétt, samþættan rannsóknarnefnd Alþingis, til að rannsaka hvort einstaklingur innan stjórnskipisins hefðu brotið lög um pólitíska flóttamenn. Ráðherra fékk afrit af yfirheyrslum

en þær voru annars að mestu leyti opinberar. Ráðherra fékk einnig að hafa með sér lögfræðing og gat neitað að tjá sig til að bera ekki á sig sök. Sama gilti hér, en til viðbótar samþykkti Alþingi að ekki mætti byggja á yfirheyrslunum fyrir dómstólum. Skýrsla rannsóknarréttarins danska var tekin fyrir í þingskapanefnd danska þingsins þar sem meirihluti samþykkti að stefna ráðherranum fyrir ríkisrétt. Þar komu ráðherrar ekki fyrir nefndina. Hér fengu ráðherrar tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við þingmannanefndina.

Í kærinni til Mannréttindadómstóls Evrópu var m.a. kvartað undan óréttlátri málsmeðferð fyrir rannsóknarréttinum, að ríkisrétturinn hafi ekki verið óháður og óvilhallur dómstóll, að sakborningur hefði ekki fengið að leiða vitni fyrir dóminn, að heimilað hefði verið að leggja afrit yfirheyrslna fyrir rannsóknarréttinum fyrir ríkisréttinn, að meðferð málsins hefði haldið áfram þrátt fyrir slæmt heilsufar sakbornings og málinu ekki lokið innan hæfilegs tíma. Öllum kæratriðum var vísað frá. Þar sem réttindi íslensku ráðherranna fyrrverandi eru jafnvel betur tryggð en þess danska tel ég að hin íslenska málsmeðferð standist kröfur Mannréttindadómstóls Evrópu. Ákvörðun Alþingis verður því að byggjast á efnisatriðum málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Eignir og ávöxtun 23. sept.

RABBFUNDUR fyrir sjóðfélaga

Skráðu þig á www.almenni.is

Vindsperringur viðskiptalífsins

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Hverjum getum við kennt um ófarir okkar? Hverja eignum við að krossfesta til að geta svo haldið áfram með okkar litla sæta samfélag? Og fengið á tilfinninguna að réttlætunin hafi verið fullnægt og allt sé hér gott og heilbriggt? Davíð? Geir? Söllu? Jón Ásgeirslíkuna? Samband íslenskra sjálfstjórnanna? Björgólfsfeðga?

„Lögræðingur telur ...“

Hannes Hólmsteinn segir – klæddur í ámóta sannfærandi dulargervi á netinu og Inspector Clouseau (róddinn kemur alltaf upp um hann) – að hrun efnahagslífsins sé mér að kenna af því að ég studdi ekki fjölmiðlafrumvarp Davíðs Oddssonar. Eins og háttvís maður sem ég þekki segir stundum: Það er vissulega sjónarmið.

Nefnd undir forystu Atla Gíslasonar vill ákæra fjóra fyrrum ráðherra, og hafa valdsmenn ekki grátið jafn mikið yfir eigin gerðum síðan á Kópavogsfundinum. Ákæran er einkum byggð á því sem var ekki gert, án þess þó að sýnt sé fram á hvað nákvæmlega hefði átt að gera, og hvernig hið ógerða tengist svo því sem gerðist, og hvað hefði gerst hefði hið ógerða verið gert. Hefur svo hver nokkuð að iðja. Og er þá réttlætun fullnægt?

Það er nú það. Hitt getum við bókað að við munum þurfa að hlusta á séríslenskt lagapörg fram eftir vetri, og eflaust næstu

árin; hver af öðrum munu þeir stíga fram hátíðlegir í fasi, lögræðingarnir okkar, og reyna að hljóma eins og Grágás sjálf þegar þeir tilkynna þjóðinni skoðun sína; við eignum í vændum óteljandi fréttatíma í útvarpinu sem munu hefjast á orðunum: „Lögræðingur telur að ...“

Sókn og vörn í Atlamálum mun svo væntanlega snúast um það hver vissi hvað hvenær, hvernig og hvar – og hver vissi ekki hvað. Og þá ekki síður hver vissi hvað hver vissi. Og vissi ekki. Og hver vissi ekki. Og vissi.

Samt vissu það auðvitað allir: íslenska efnahagsundrið var bara bóla.

Vöffin þrjú

Það má kannski setja þetta fram eins og Umferðar-Einar myndi gera: íslenska efnahagsundrið var knútið áfram af oftrú á vöffin þrjú: vild og væntingum og vexti. Vaffið sem vantaði var Veruleikinn.

Kannski að megi bæta við fjórða vaffinu: Vindinum. Meðal þess sem kemur fram í frásögn um gestkomandi útlendinga hér á landi fyrr á öldum var að Íslendingar töldu erlendum farmönnum trú um að þeir hefðu vald á vindinum og gætu gegn vægri þóknun selt þeim byr. Hér var stundun byrsala. Einhvers staðar innra með sér veit vindsalinn náttúrlega að hann er að blöfíð. En sé hann almennilegur vindsalinn kann hann líka að sveipa starfsemi sína slíkri dulúð og slíkum launhelgum, að jafnvel hann sjálfur – og öll hans fjölskylda – fer á endanum að trú á blöfíð.

Var þetta ekki einmitt svona í gróðærinu? Innst inni vissum við alveg að íslenskir kaupþýslumenn höfðu ekki fundið upp aðferð við að búa til peninga úr vindinum,

en einhvern veginn tókst þjóðinni (sem heild) að telja sér trú um blöfíð.

Öll lygi er lygi að sjálfum sér, sagði Halldór Laxness: það gildir líka um gróðærisárin og íslensku þjóðina. Þar með er ekki sagt að allir einstaklingar hafi verið með, og þeir hafi ekki verið til sem mótmæltu, heldur hitt að þetta var ríkjandi hugmyndafræði í samfélaginu.

Þjóðin naut góðs af peningastraumnum með bólgnum ríkissjóði og ódýru (hélt fólk þá) lánsfé. Stjórnmalamenn fögnuðu auknu skattfé og því að auðmenn tækju að sér að standa straum af listum og menningu og velferðarkerfinu og öðru veseni. Hannes Smáráson styrkti Sinfóníuna. Jóhannes í Bónus breiddi út jólasveinsfaðminn sinn og sagði komið til mín allir sem erfiði og þunga eru hlaðnir. Björgólfur tók að sér að hanna miðbæinn upp á nýtt. DV efndi til skoðanakönnunar um hver væri „besti auðmaðurinn“. Þegar sett var á stofn sérstakt vikublað kvenna sem konur skrifuðu eingöngu og átti að miðla kvenlægre sýn, var fyrsta forsíðuviðtalið við Hannes Smáráson og fjallaði um hvernig hann færi að því að vera svona æðislegur. Smjáðrið var jafn yfirgengilegt og hatríð er núna.

Þessi vindsperringur viðskiptalífsins endaði í þeim gegndarlausu vindgangi sem íslensk þjóðfélags-umræða er nú um stundir, með tilheyrandi fýlu. En við þurfum að hætta að mæna á einhverja Vonduka og Góðuka og líta sem þjóð í eigin barm. Við þurfum að líta til Þjóðverja og læra af þeim hvernig farið er að því að horfast í augu við það sem getur gerst þegar heilt þjóðfélag er gegnsýrt hrappallegum ranghugmyndum.

Fyrsta VÍSINDAKAFFIÐ er í kvöld

20. september kl. 20:00 - 21:30
Súfistanum, Máli og menningu



Eldfjöll...

...hvar gýs næst?

Páll Einarsson prófessor í jarðeðlisfræði fjallar um aðferðir til að fylgjast með virkni eldfjalla og segja fyrir um hegðun þeirra. Af hverju er stundum hægt að spá og stundum ekki?



Allir velkomnir. Láttu sjá þig!

www.rannis.is/visindavaka

Vísinda Vaka

Opið hús!

Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu

Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Orð öreigans

Hrunið

Sverrir Hermannsson
frá Svalbarði



Hinn 20. nóvember 2007 átti fréttamaður Stöðvar 2, Sigmundur Ernir, viðtal við Finn fátæka Ingólfsson.

Þar sagði Finnur m.a.: „Það eru tvö mál sem standa upp úr þar í ádeilum á mig. Í fyrsta lagi er það að ég beitti mér fyrir formbreytingu ríkisviðskiptabankanna úr ríkisbönkum yfir í hlutafélag og steig fyrstu skrefin í einkavæðingu bankanna. Hitt sem að var umdeilt en ég sé ekki eftir að hafa gert vegna þess að það var forsenda fyrir því og er, lagði grunninn að þeirri útrás sem að bæði bankarnir og íslensk fyrirtæki hafa staðið í í dag. Bankarnir styrktust, þeir leituðu sér erlendis samstarfs, þeir gátu betur þjónað íslensku atvinnulífi og við fórum í þessa útrás sem skilaði miklum arði erlendis frá inn í samfélagið og byggði upp þessi lífskjör.“

HEIMILDAM.: ÖSKUDAGUR / KJÖTBORG / ÍSLENSK ALPÝÐA - KI. 17:10, 19:10

* ENGLISH SUBTITLES

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR

WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS



MERCURY Sacha Baron Cohen ætlar að bregða sér í hlutverk söngvara hljómsveitarinnar Queen.

Stór plötusnúðakeppni haldin

Plötusnúðakeppni verður haldin á Nasa laugardaginn 25. september. Þar verður keppt í tveimur aldurs-
hópum, fyrir 12 til 20 ára og 20 til 40 ára.

„Okkur finnst senan hérna á Íslandi vera svo lokuð. Við viljum fá að sjá hvað krakkarnir eru að gera í kjallaranum heima hjá sér,“ segir Andrés Bertelsen, sem skipuleggur keppnina ásamt Péttri Kristófer Oddssyni.

Dómnefndin verður ekki af verri endanum. Hún verður skipuð reynsluboltunum Dj Margeiri, Jóni Atla, Casanova, Adda Exos og Dj Sóleyju. Hver keppandi hefur tíu

mínútur til að sýna listir sínar og vinningshafar fá síðan að láta ljós sitt skína að keppni lokinni. Gefin verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hvorum flokki. Sérsmíðaðir hringir verða í verðlaun, inneign á húðflúrstofu, plötusnúðagræjur og fleira. Kynnir verður Erpur Eyvindarson.

Andrés og Pétur vilja með keppninni breyta viðhorfi fólks gagnvart raf- og hip hop-tónlist sem þeim finnst hafa verið full neikvætt. „Álit

SKIPULEGGJENDUR Andrés Bertelsen og Pétur Kristófer Oddsson skipuleggja plötusnúðakeppni á Nasa 25. september.



fólks á þessari tónlist hefur verið tengt svolítið eiturfylfum og öðru. Á sínum tíma var rokkið tónlist djöfulsins og hip hoppið tengt glæpamenningu en það hefur breyst. Við stefnum á að gera þetta á hverju ári og vonum að þetta verði enn þá stærra,“ segir Andrés.

Keppnin fyrir yngri keppendurna hefst klukkan 14 og sú síðari 21. Ágóði af 12-20 ára keppninni rennur óskiptur til Vímulausrar æsku. Meðal annarra flytjenda sem troða upp verður breski plötusnúðurinn King Unique, Captain Fufanu, Original Melody og Dj Leibbi. Skráning fer fram á Djkeppni.is.

Leikur Freddie Mercury

Leikarinn Sascha Baron Cohen hefur tekið að sér að leika söngvarann Freddie Mercury í nýrri mynd sem fer í tókur eftir áramót. Freddie Mercury, sem var söngvari hljómsveitarinnar Queen, lifði dramatísku lífi en hann dó úr eyðni árið 1991. Cohen er hvað þekktastur fyrir að leika karakterana Borat og Bruno og eru framleiðendur myndarinnar fullvissir um að hann fari á kostum sem söngvarinn heimsfrægi.

Móðgaði ritstjórnann

Ný bók Tims Gunn, sem gerði garðinn frægan í sjónvarpsþáttunum Project Runway, hefur reitt Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue, til reiði. Í bókinni segir Gunn frá því þegar hann sá lífverði Wintour bera hana niður tröppur eftir eina tiskusýninguna. Samkvæmt Gunn varð Wintour ævareid vegna ummæla hans en hann segist þó ekki kvíða því að hitta hana aftur á næstunni. „Ég var ekki að gagrýna hana, það var fjöldi fólks sem sá lífverðina bera hana niður tröppurnar. Það er

ólíklegt að ég muni rekast á hana á næstunni og enn ólíklegra að ég gæti séð hana fyrir lífvarðastöðinu sem umkringir hana,“ sagði Gunn.



EKKI HRÆDDUR Tim Gunn gaf nýverið út bók þar sem hann segir frá lífinu innan tiskubransans.

Kominn með nýja kærustu

Leikarinn Liam Neeson er kominn með nýja kærustu, átján mánuðum eftir að eiginkona hans, Natasha Richardson, lést í skíðaslysi. Kærastan heitir Freya St. Johnston, starfar sem upplýsingafulltrúi og er tveggja barna móðir. Nýlega sást til þeirra haldast í hendur í London en sambandið er á byrjunarreit. Neeson á tvo syni, 12 og 14 ára, og hefur einbeitt sér að uppeldi þeirra síðan Richardson lést. Fyrir nokkru sagði hann feðgana taka einn dag í einu eftir fráfall hennar. „Okkur gengur vel. Við erum enn að fá ótrúleg samúðarbréf frá fólki. Þau hafa snert okkur djúpt.“



LIAM NEESON Neeson er byrjaður að hitta aðra konu, átján mánuðum eftir fráfall eiginkonunnar.

— FYRIR ALLA SEM ELDA —

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

GRATÍN OSTUR

PIZZA OSTUR

MOZZARELLA OSTUR

SÝRÐUR RJÓMI

SÝRÐUR RJÓMI 10%

SÝRÐUR RJÓMI 18%

SÝRÐUR LETTUR

FRÉIN JÖGURT

GRÁSK JÖGURT

PIZZA OSTUR

GRÁSK OSTUR

RIÓMA OSTUR

MAKRELLUR RJÓMI

GOTT Í MATINN ALLA DAGA

— Þú finnur fjölda girnilegra uppskrifta á www.gottimatinn.is



Adidas
Pro Model herra



Kr. 19.990.-

Adidas
Pro Model herra



Kr. 19.990.-

Adidas
Floater Glide barna



Kr. 12.990.-

Adidas
Pro Model kvenna



Kr. 19.990.-

Adidas
CC7 herra



Kr. 29.990.-

Adidas
Court Dynamic barna



Kr. 11.990.-

Adidas
Court Dynamic barna



Kr. 11.990.-

Adidas
CC5 womans



Kr. 26.990.-

Adidas
CC3 womans



Kr. 17.990.-

Adidas
Court Rock herra



Kr. 12.990.-

Adidas
Court Rock kvenna



Kr. 12.990.-

Jói útherji
síðan 1999

Ármúli 36 • 108 Reykjavík
s. 588 1560 • joiutherji.is

sport
sport@frettabladid.is



ALFRED FINNBOGASON lék væntanlega sinn síðasta leik fyrir Blika í gær. Hann er í leikbanni í lokaumferðinni eins og fyrirliði liðsins, Kári Ársællsson. ÍBV verður líka án Tryggva Guðmundssonar í lokaumferðinni.

Aðeins einu skrefi frá titlinum

Breiðablik heldur áfram að standast öll próf með glans. Liðið sýndi mikla þolinmæði og þroska er það lagði varnarsinnað lið Selfoss og sendi Selfoss niður í 1. deild um leið. Blikar hafa alla ása á hendi fyrir lokaumferðina. Vinni liðið Stjörnuna í lokaumferðinni verður Breiðablik Íslandsmeistari.

FÓTBOLTI Blikastrákarnir sýndu það gegn Selfossi í gær að þar eru drengir orðnir að mönnum. Blikaliðið sýndi yfirvegum og fór ekki á taugum í erfiðum leik sem þeir unnu 3-0.

Selfossliðið múraði hreinlega fyrir framan teiginn hjá sér og það var engu líkara en leikmönnum liðsins væri bannað að fara fram yfir miðju. Þess utan leið Selfyssingum illa með boltann og það heyrði til undantekninga ef liðið náði þrem sendingum sín í milli. Frammistaða liðsins fram á við var hörmuleg í einu orði sagt.

Varnarleikurinn var þó fínn lengstum og Breiðablik náði aðeins einu skoti á markið í fyrri hálfleik. Það reyndi á taugar Blikanna í síðari hálfleik og þeir sýndu gríðarlega yfirvegum í sínum leik. Það var ekkert ódagot á leikmönnum liðsins og þeir héldu áfram að spila sinn leik. Það skilaði sér síðan í marki eftir klukkutíma leik.

Eftir að fyrsta markið kom var aldrei spurning hvernig leikurinn færi. Selfoss ógnaði ekki af neinu viti og Blikarnir bættu við tveimur mörkum áður en yfir lauk og unnu verðskuldaðan sigur.

„Það eru engir leikir auðveldir og Selfoss var bananahýði. Þeir voru vel skipulagðir og gerðu okkur erfitt fyrir í fyrri hálfleik. Við vorum líka sjálfum okkur verstir því við vorum að klinka á úrslitasendingum eftir að hafa komið okkur í ágætast stöður. Í hálfleik töluðum við um að vera áfram þolinmóðir og reyna að keyra upp hraðann. Það gekk ágæt-

lega,“ sagði brosmildur þjálfari Breiðabliks, Ólafur Kristjánsson.

„Auðvitað var ég ekkert alltaf rólegur á bekknum en ég hafði samt alltaf trú á því að þetta myndi detta fyrir okkur. Við eigum líka vopn á bekknum eins og Andra Yeoman sem hefur komið inn með mikinn hraða. Tómas Óli kom einnig sterkur inn og lagði upp þriðja markið með glans.“

Blikaliðið er aðeins einum leik frá því að verða Íslandsmeistari í fyrsta skipti í meistaraflokki karla. Ólafur er bjartsýnn á að hans menn muni klára dæmið um næstu helgi í Garðabænum.

„Það er góð tilfinning að eiga eitt skref eftir og að örlögin séu í okkar höndum. Við verðum að nýta vikuna vel og auðvitað á spennustigið eftir að magnast eftir því sem líður á vikuna. Það er samt búin að vera spennan í síðustu þremur leikjum og við hljótum að vera farnir að sjóast. Ég hef fulla trú á því að við verðum Íslandsmeistarar um næstu helgi.“

Blikarnir hafa staðist nánast öll próf hingað til í deildinni og virðast vaxa með hverjum leik. Lokaprófið er þó eftir og þar mun reyna verulega á andlegan styrk leikmanna. Miðað við það sem Blikarnir hafa sýnt hingað til er nákvæmlega ekkert sem bendir til annars en að liðið klári dæmið um næstu helgi.

Selfoss hefur lokið keppni í deild þeirra bestu eftir skamma viðveru. Félagið mætti til leiks með ungmennafélagsandann að vopni. Það átti að leyfa heimamönnum að spila í efstu deild og því styrktu Selfyssingar sig sama og ekkert fyrir mótið.

„Reynsluleysið lét til sín taka eftir því sem leið á mótið og við vorum einfaldlega ekki nógu góðir. Það er auðvelt að segja eftir að við erum fallnir að það voru mistök að styrkja ekki liðið meira fyrir mótið. Ég held samt að þessir strákar eigi eftir að koma sterkari til baka fyrir vikið,“ sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss, en hann vildi lítið tjá sig um framtíðaráform.

Uppsagnarákvæði af beggja hálfu er í samningi hans og málin verða skoðuð eftir tímabilið.

henry@frettabladid.is



GLEÐIN VIÐ VÖLD Blikastrákarnir stíga stríðsdans eftir leikinn gegn Selfossi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



BREIÐABLIK

3-0

SELFOSS



1-0 Guðmundur Kristjánsson (59.)
2-0 Elfar Freyr Helgason (73.)
3-0 Alfred Finnbogason (88.)

Kópavogsvöllur, áhorf.: 2.202
Dómari: Erlendur Eiríksson (7)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-3 (5-1)
Varin skot	Ingvar 0 - Jóhann 2
Horn	6-1
Aukaspjrnur fengnar	14-8
Rangstöður	2-3

Breiðablik 4-3-3 Ingvar Þór Kale 6 - Kristinn Jónsson 6, Kári Ársællsson 6, Elfar Freyr Helgason 7, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5 (46., Andri Rafn Yeoman 6) - Jökull Elísabetarson 6, *Guðmundur Kristjánsson 7, Finnur Orri Margeirsson 7 - Haukur Baldvinsson 6 (84., Tómas Óli Garðarsson -), Kristinn Steindórsson 6 (90., Rannver Sigurjónsson -), Alfred Finnbogason 7.

Selfoss 4-5-1 Jóhann Ólafur Sigurðsson 5 - Andri Freyr Björnsson 4, Jón Guðbrandsson - (16., Agnar Magnússon 7), Stefán Guðlaugsson 7, Ingþór Guðmundsson 6 (80., Jean YaoYao -) - Ingólfur Þórarinsson 3, Martin Dohlstén 2, Arillus Marteinsson 4, Jón Daði Böðvarsson 4, Sævar Þór Gíslason 3, Viktor Unnar Illugason 4 (46., Viðar Kjartansson 5)

Haukar brugðust á ögurstundu er liðið mætti Fylki í sex stiga leik í Árbænum: Fylkir sendi Hauka niður í 1. deild

FÓTBOLTI Fylkismenn sendu Hauka aftur niður í fyrstu deildina er þeir skelltu þeim sannfærandi, 3-0, í Árbænum í gær. Andrés Már Jóhannsson var allt í öllu í liði heimamanna en hann skoraði tvö mörk og Ingimundur Níels Óskarsson eitt.

Leikurinn byrjaði fjórlega og kom fyrsta mark eftir aðeins sjö mínútur. Þá fékk Andrés Már boltann rétt fyrir utan vítateig og hamraði knöttinn snýrtilega í fjærhornið. Ingimundur Níels bætti við öðru marki eftir hálf tíma með skoti frá vítateigslinunni og staða Fylkismanna ansi góð gegn andlausu liði Hauka.

Andrés Már var svo aftur á ferðinni tíu mínútur síðar og skoraði úr stuttu færi eftir mikil læti í teig gestanna. Haukarnir komu með örlítið lífsmark inn í síðari hálfleikinn og virtist sem þeir ætluðu sér að taka þátt í leiknum en svo varð ekki. Heimamenn sköpuðu sér fullt af færum í leiknum og áttu að skora fleiri mörk en Daði Lárússon var einn af fáum Haukamönnum sem mætti til leiks gegn Fylki og varði oft á tíðum frábærlega. Engin mörk voru skorud í seinni hálfleik og þegar Einar Örn Danielsson, góður



dómari leiksins, flautaði var ljóst að Haukar voru að kveðja Pepsi-deildina þar sem Grindvíkingar náðu jafntefli gegn KR.

„Við getum andað aðeins léttar þar sem okkur brá í síðustu umferð þegar við fréttum að Haukar hefðu stolið sigrinum. Við ákváðum að halda áfram að gera það sem við höfum verið að gera í síðustu leikjum og það skilaði sigri hér í dag,“ sagði Valur Fannar Gíslason, leikmaður Fylkis, en honum var létt í leikslök þegar ljóst var að Fylkir ætti öruggt sæti í Pepsi-deildinni að ári.

„Það er alltaf leiðinlegt þegar lið falla en það eru ekki síðustu leikirnir sem skipta máli heldur allt sumarið. En úr því sem komið var hjá okkur þá er ég bara sáttur að klára þetta með sæmd og gera þetta almennilega. En ég er engan veginn sáttur við tímabilið og menn vildu miklu meira. Ég verð klárlega með á næsta ári og tek eitt til tvö tímabil í viðbót,“ sagði Valur Fannar.

- rog

Á LEIÐ NIÐUR Daði Lárússon og félagar í Haukam fara beint niður aftur.

Fylkir 3-0 Haukar

Fylkivöllur, áhorf.: 1.187 Einar Örn Danielsson (7)

1-0 Andrés Már Jóhannsson (7.)
2-0 Ingimundur N. Óskarsson (30.)
3-0 Andrés Már Jóhannsson (40.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-9 (8-4)
Varin skot	Fjalar 4 - Daði 5
Horn	4-4
Aukaspjrnur fengnar	7-11
Rangstöður	5-2

FYLKIR 4-3-2-1	HAUKAR 4-3-3
Fjalar Þorgeisson 7	Daði Lárússon 7
Ásgeir Arnþórsson 6	Grétar Grétarsson 4
Þórir Hannesson 7	Daniel Einarsson 4
David Ásbjörnsson 5	Jamie McCunnie 4
(18. Kristján Valdim.) 6	Kristján Björnsson 5
Kjartan Á. Breiðdal 7	Guðjón Lýðsson 4
Ingimundur Óskarsson 6	Arnar Gunnlaugsson 6
Valur Fannar Gíslason 7	Hilmar G. Eirísson 5
Ásgeir B. Ásgeirsson 6	Úlfar Hrafn Pálsson 4
*Andrés Jóhannes 8	(58. Magnús Björgv. 5
(66. Ólafur Stígsson 6)	Hilmar Rafn Emilsson 5
Tómas Þorsteinsson 6	(80. Garðar Geirsson -)
Albert B. Ingason 5	Ásgeir Ingólfsson 4
(40. Andri Herma. 6)	(58. Hilmar Arnarss. 4

*Maður leiksins

5-3

FH **Keflavík**

Kaplakríki, áhorf.: 1.858 Gunnar Jarl Jónsson (6)

- 1-0 Atli Viðar Björnsson (5.)
- 1-1 Haukur Ingi Guðnason (10.)
- 1-2 Bjarni H. Aðalsteinsson (17.)
- 2-2 Björn Daniel Sverrisson (25.)
- 3-2 Atli Viðar Björnsson (44.)
- 3-3 Brynjar Guðmundsson (51.)
- 4-3 Björn Daniel Sverrisson (63.)
- 5-3 Matthías Vilhjálmsson, víti (74.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-4 (11-3)
Varin skot	Gunnleifur 0 - Lasse 6
Horn	5-1
Aukaspjrnur fengnar	10-15
Rangstöður	6-2

FH 4-3-3	KEFLAV. 4-5-1
Gunnleifur Gunnleifs 5	Lasse Jørgensen 5
Pétur Viðarsson 5	Guðjón Antoníusson 4
Freyr Bjarnason 5	Haraldur Guðm. 5
Tommy Nielsen 3	Bjarni Aðalsteins 6
Hjörtur Valgarðsson 4	Alen Sutej 3
Hákon Hallfredsson 6	Brynjar Guðmunds 5
*Björn Sverrisson 8	Hólmar Rúnarsson 6
Ólafur Snorrason 6	Andri Birgisson 4
Matthías Vilhjálmsson 8	(68. Jóhann Guðm. 4)
Atli Guðnason 7	Guðm. Steinarsson 4
Atli V. Björnsson 8	(78. Magnús Matth. -)
(75. Gunnar Krist. -)	Hörður Sveinsson 4
	Haukur Ingi Guðnas. 8

*Maður leiksins

ÍBV 2-1 Stjarnan

Hásteinvöllur, áhorf.: 1.053 Magnús Þórisson (6)

- 1-0 Denis Sytnik (16.)
- 2-0 Þórarinn Ingi Valdimarsson (24.)
- 2-1 Jóhann Laxdal (45.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-6 (8-2)
Varin skot	Albert 1 - Bjarni 6
Horn	6-1
Aukaspjrnur fengnar	9-5
Rangstöður	5-1

ÍBV 4-4-2	STJARN. 4-5-1
Albert Sævarsson 6	Bjarni Halldórsson 6
Matt Garner 6	Bjarki Eysteinnsson 6
Eiður Sigurbjörns. 6	Trygvi Bjarnason 6
Rasmus Christiansen 7	Daniel Laxdal 7
Arnór Ólafsson 6	Hilmar Hilmarsson 5
Þórarinn Valdimars. 6	Atli Jóhannsson 6
Finnur Ólafsson 7	Björn Pálsson 6
Tony Mawejje 6	Halldór O. Björnsson 6
Trygvi Guðmunds. 6	Þorvaldur Árnason 5
(90. Anton Bjarna. -)	(75. Arnar Björgv. -)
*Denis Sytnik 7	Jóhann Laxdal 7
(83. Danien Warlem. -)	Ólafur Finsen 6
Eyþór Birgisson 6	
(69. Yngvi Borgþ. 5)	

*Maður leiksins

Leikur FH og Keflavíkur var ótrúleg skemmtun þar sem átta mörk voru skoruð:

FH vann sigur í rússíbanaleik



MARKAVEISLA Atli Guðnason og félagar í FH skoruðu fimm mörk gegn Keflavík og eiga enn möguleika á því að verja titilinn.

FÓTBOLTI Einn skemmtilegasti leikur sumarsins var á dagskrá á Kaplakríkavelli í gær. FH-ingar halda enn í vonina um að verja Íslandsmeistaratitilinn eftir að hafa unnið 5-3 sigur á Keflvíkingum.

„Ég held að Keflvíkingar hafi fengið fjögur færi í þessum leik og skorað þrjú mörk. Það er fín nýting. Það er alltaf dapurt að fá á sig þrjú mörk á heimavelli en þetta var síðasti heimaleikurinn og auðvitað vildum við skemmta fólkinu líka,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, léttur eftir sigurinn nauðsynlega gegn Keflavík.

„Þetta var frábær leikur fyrir áhorfendur, átta mörk. Mér fannst við spila virkilega góðan sóknarleik. Það var góð hreyfing á mönnum og við vorum mikið að fara út á vængina og spila vel. Það kom síðan upp einbeitingarleysi og við fengum á okkur klaufaleg mörk. En við unnum leikinn og það er jákvætt.“

FH náði forystu snemma leiks en Keflvíkingar sýndu klókindi í sóknarleiknum, refsðu heima mönnum fyrir slæm mistök og komust yfir 2-1. Fyrir hálfleik skoraði FH tvívegis í gær. Fyrirliðinn Matthías Vilhjálmsson átti einnig frábæran leik en annars er lítið hægt að kvarta yfir sóknarleik FH þar sem Atli Viðar Björnsson var ógnandi í fremstu víglínu.

nánast öll völd og vann á endanum 5-3.

Björn Daniel Sverrisson heldur áfram að sýna mikilvægi sitt og skoraði hann tvívegis í gær. Fyrirliðinn Matthías Vilhjálmsson átti einnig frábæran leik en annars er lítið hægt að kvarta yfir sóknarleik FH þar sem Atli Viðar Björnsson var ógnandi í fremstu víglínu.

FH á leik gegn Fram í lokaumferðinni og þarf að treysta á að Blikar og Eyjamenn misstígi sig. „Við eigum erfiðan leik framundan á Laugardalsvelli og þurfum að hugsa um að klára okkar mál. Hin liðin eru í betri stöðu en ég hef trú á því að við getum unnið þetta mót,“ sagði Heimir.

elvargeir@frettabladid.is



SJÓÐHEITUR Berbatov fór á kostum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Man. Utd komið í gang: Berbatov sá um Liverpool

FÓTBOLTI Búlgarinn Dimitar Berbatov átti stórbrotinn leik og skoraði þrennu í 3-2 sigri Man. Utd á Liverpool í gær.

Yfirburðir United fyrsta klukkutímann voru miklir. Liðið komst þá í 2-0 en Steven Gerrard jafnaði leikinn með tveimur mörkum. Sex mínútum fyrir leikslok skoraði Berbatov sitt þriðja mark og tryggði United um leið sigur.

„Þetta var líklega minn besti leikur í búningi United. Eðlilega er ég hamingjusamur og ég fer heim með bros á vör,“ sagði kátur Berbatov eftir leikinn.

„Ég er samt ekkert sérstakur þó ég hafi skorað þrennu. Ég er bara maður sem er að fara heim að leika við börnin sín.“ - hbg

Eyjamenn héldu lífi í titilvonum sínum með því að leggja Stjörnuna af velli, 2-1, í hörkuleik í Eyjum:

Blikarnir ráða því hver verður Íslandsmeistari

FÓTBOLTI Það voru Eyjamenn sem byrjuðu leikinn af miklum krafti og settu mikla pressu á Stjörnuna. Það skilaði sér í tveimur mörkum á átta mínútna kafla. Það var Denis Sytnik sem kom Eyjamönnum yfir með marki á 16. mínútu, Matt Garner átti þá fyrirgjöf á Denis sem skallaði boltann upp í hægra hornið framhjá Bjarna Þórði í marki Stjörnunnar.

Arnór Eyvar átti svo glæsilega sendingu inn fyrir vörn Garðbæinganna, Eyþór Helgi náði boltanum og lagði hann á Þórarin Inga sem gerði vel með að leggja boltann í netið og koma ÍBV þar með í 2-0 eftir aðeins 24. mínútna leik.

Stjörnumenn náðu svo að klóra í bakkann með marki rétt fyrir hálfleik, þar var að verki

Jóhann Laxdal sem klóraði sig í gegnum vörn Eyjamanna áður en hann kom boltanum framhjá Albert Sævarssyni, markmanni ÍBV, einstaklingsframtak af bestu gerð.

Fátt marktækt gerðist svo í síðari hálfleik þar sem Eyjamenn ætluðu sér að halda í fenginn hlut og lágu aftarlega á vellið síðustu 20 mínúturnar af leiknum og gáfu fá færi á sér.

Eyjamenn eru því enn þá einu stigi á eftir Blikum sem eru í efsta sæti með 43 stig. Það eru því Breiðablik, ÍBV og FH sem eiga von um að verða Íslandsmeistarar.



„Síðasti leikurinn verður hörku leikur og Keflvíkingarnir bara með feikigott lið. Við getum ekki verið að stressa okkur of mikið, verðum bara að hugsa um þennan leik og það er í raun ekki hann sem skiptir það miklu máli, Blikarnir ráða því í raun hver verður Íslandsmeistari en við verðum bara að einbeita okkur að því að klára Keflvíkingana,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, að leik loknum.

- vsh

STERKUR Þórarinn Ingi Valdimarsson skoraði í gær.

NÝTT! MARGFALDUR ÁVINNINGUR ÞEGAR ÞÚ SPILAR GOLF HÉR HEIMA OG ERLendis

Korthafar Premium Icelandair American Express greiða ekkert árgjald í Icelandair Golfers.

SLÁÐU HOLU Í HÖGGI!
Þú getur sótt um Premium Icelandair American Express á icelandairgolfers.is

> Nicole Kidman

„Allt frá því að ég var barn vissi ég að ég vildi ekki missa af neinu sem lífið hafði upp á að bjóða bara af því að það var hættulegt.“

Nicole Kidman finnst það ekki tiltökumál að taka áhættu í lífinu. Nicole Kidman fer með aðalhlutverk í endurgerð myndarinnar *The Invasion* sem er á dagskrá Stöð 2 bíó kl. 22.00 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON SKIPULEGGUR FRÍTÍMA SINN BETUR

Best er vel skipulagt sjónvarpsgláp

Undanfarnar vikur hefur það gerst að ég planti mér fyrir framan sjónvarpið með fjarstýringuna í hönd og eyði næstu klukkustundum í að flakka á milli þeirra ótal sjónvarpsstöðva sem ég hef til umræða, án þess þó að finna neitt efni til að staldra við. Þannig hef ég flakkað á milli E! sjónvarpsstöðvarinnar, BBC Lifestyle, RÚV og Stöð 2 og alltaf stoppað stutt við á hverjum stað. Stundum nær einhver þátturinn að fanga athygli mína í skamma stund, en um leið og auglýsingahléið kemur leggst ég aftur á flakk og þannig held ég áfram koll af kalli, oft klukkutímum saman.



Ég fór að velja þessum glötuðu klukkustundum fyrir mér um daginn og ákvað að nú yrði breyting þar á. Ég var staðráðin í að eyða ekki fleiri kvöldstundum í stefnulaust ráp á milli sjónvarpsstöðva, nú ætlaði ég aðeins að horfa á sjónvarpsþætti eða kvikmyndir sem heilluðu mig. Ekki nóg með það, þá ákvað ég að horfa á umrætt sjónvarpsefni alveg frá upphafi til enda. Sé ekkert í sjónvarpsdagskránni sem mér þykir spennandi ætla ég að snúa mér að einhverju öðru, eins og lestri, vanaheimsókn

eða þrónaskap.

Það er ekki komin reynsla á þetta plan mitt enn þá þar sem stutt er síðan ég sat heima í sófanum og plottaði. Ég vona þó að með þessu nýtist tími minn betur, bæði sá sem ég eyði fyrir framan skjáinn sem og tíminn sem ég eyði fjarri honum.

MÁNUDAGUR



▶ **19.30 The Doctors**
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.55 Síðustu forvöð**
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00 Analyze This** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.50 CSI: New York** SKJÁREINN



▶ **23.15 Torchwood** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.30 Hinn helgi örn Heimildamynd um haförminn eftir Magnús Magnússon.

17.20 Táknmálsfréttir

18.00 Sammi (25:52)

18.07 Franklín (6:13)

18.30 Skúli skelfir (12:52)

18.40 Fyrsta barnið til tunglsins (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

▶ **19.55 Síðustu forvöð – Öldurpáfi** (5:6) (Last Chance to See) Leikarinn góðkunnni Stephen Fry ferðast um víða veröld og skoðar dýrategundir í útrýmingarhættu.

21.00 Óvættir í mannlíki (3:6) (Being Human) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur; varúlfr, blóðsugu og draug sem búa saman í mannheimum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

22.00 Tíufréttir

22.10 Veðurfréttir

22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótþolta. Um-sjónarmaður er Hjörtur Hjartarson.

23.05 Leitandinn 11:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk ævintýraþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

23.50 Framtíðarleiftur (20:22) (Flash Forward) (e)

00.30 Kastljós (e)

00.50 Fréttir (e)

01.00 Dagskrárlök

BÍÓ

08.00 The Object of My Affection

10.00 Dumb and Dumber

12.00 Baby Mama

14.00 The Object of My Affection

16.00 Dumb and Dumber

18.00 Baby Mama

▶ **20.00 Analyze This**

22.00 The Invasion

00.00 Mermaids

02.00 The Legend of Evil Lake

04.00 The Invasion

06.00 The Big Nothing

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Apaskólínn, Krakarnir í næsta húsi

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.15 Eldsnögg með Jóa Fel (3:10)

10.50 Cold Case (17:22)

11.45 Falcon Crest II (15:22)

12.35 Nágrannar

13.00 Frasier (12:24)

13.25 Reign Over Me

15.30 ET Weekend

16.20 Barnatími Stöðvar 2 Apaskólínn, Könnuðurinn Dóra

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 The Simpsons (22:22)

18.23 Veður Markaðurinn.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 Two and a Half Men (20:24)

19.45 How I Met Your Mother (18:22)

20.10 Extreme Makeover. Home Edition (2:25) Fimmta þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover. Home Edition.

20.55 V (2:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á ótrúlega raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.

21.40 Miss Marple - Towards Zero Morðgáta eftir Agóthu Christie. Miss Marple heimsækir góðan vin og fyrr en varir er hún orðin lykilmanneskjan í rannsókn dularfulls morðmáls.

▶ **23.15 Torchwood** (12:13) Ævintýrlegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.

00.05 The Recruiter Áhugaverð heimildamynd um liðþjálfann Clay Usie sem er ábyrgur fyrir flestum herskráningum í sögu bandaríska hersins.

01.35 Cougar Town (14:24)

02.00 White Collar

02.45 The Shield (2:13)

03.30 Reign Over Me

05.30 Fréttir og Ísland í dag (e)

SPORT

besta sætið

07.00 Breiðablik - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

18.00 Breiðablik - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

19.50 Spænski boltinn: Spænski boltinn Útsending frá leik Atl. Bilbao og Barcelona í spænska boltanum.

21.00 Spænsku mörkin 2010-2011 Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilbrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.

21.45 World Series of Poker Sýnt frá Tournament of Champions en mótið er hluti af World Series of Poker. Til leiks eru mættir margir af bestu pókerspilurum heims.

22.40 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikur krufðir til mergjar.

23.10 Spænski boltinn: Real Sociead - Real Madrid

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Chelsea - Blackpool / HD Enska úrvalsdeildin.

15.05 Aston Villa - Bolton Enska úrvalsdeildin.

16.50 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.

17.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

18.45 PL Classic Matches: Man United - Ipswich: 1994

19.15 Blackburn - Fulham Enska úrvalsdeildin.

21.00 Premier League Review 2010/11

22.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

22.30 Football Legends - Garrincha

23.00 Sunderland - Arsenal Enska úrvalsdeildin.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Dr. Phil (e)

08.40 Rachael Ray (e)

09.25 Pepsi MAX tónlist

16.50 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

17.35 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa óll möguleg og ómöguleg vandamál.

18.15 Top Chef (16:17) (e)

19.00 Real Housewives of Orange County (11:15) Raunveruleikasæra þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.

19.45 Accidentally on Purpose (1:18) (e) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola.

20.10 Kitchen Nightmares (8:13) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu.

21.00 Friday Night Lights (3:13) Dramatísk þáttaröð um ungmenni í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótþolalið skólans.

▶ **21.50 CSI: New York** (8:23) Bandarísk sakamála sýsla um Mac Taylor og félagan hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. „Áttavítamorðinginn“ lætur aftur á sér kræla. Lík fellur fram af brú og rannsóknardeildin finnur áttavita nálægt líkinu sem bendir í austur.

22.40 Jay Leno

23.25 Leverage (1:15) (e)

00.10 In Plain Sight (13:15) (e)

00.55 CSI: New York (2:25) (e)

01.40 Pepsi MAX tónlist



20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Jóhanna Vilhjálmssdóttir ætlar í vetur að leita leiða til heilsusamlegra og betra lífs.

20.30 Golf fyrir alla 14. og 15. braut með Ásu Helgu og Þóru.

21.00 Frumkvöðlar Alltaf eitthvað nýtt og spennandi hjá Elinóru.

21.30 Eldhús meistarana Magnús og Björssi í Domo elda hrossakjöt.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Hankook

Örugg og hljóðlát dekk

Með Hankook dekk undir bílnum ertu öruggari í vetur. Hankook vetrardekk tryggja gott grip allan veturinn við síbreytilegar íslenskar aðstæður.

Þú færð Hankook dekk í Barðanum

Sölustaðir: Barðinn ehf | Skútuvegur 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is
Sólning | Smiðjuvegur 68-70 | Kópavogi | Sími 544 5000 | www.solning.is

BARÐINN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

V

Vandaðir spennuþættir sem segja á ótrúlega raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims. Með undraskjótum hætti grípur um sig mikið geimveruæði þar sem áhugi fyrir þessum nýju gestum jaðrar við dýrkun. En til eru þeir sem ekki eru eins sannfærðir og grunar að gestirnir eru í raun úlfar í sauðargæru. Þættirnir koma úr smíðju höfundu Lost.



► VÍÐ MÆLUM MEÐ
Extreme Makeover: Home Edition

Stöð 2 kl. 20.10

Fimmta þáttaröð hins svínsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endumýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Vít og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1

11.03 Samfélagið í nærmynd
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
113.00 Hringisól
14.03 Bak við stjórnurnar
15.03 Útvarpssagan: Húsið
15.25 Fólki og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.21 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Húslestrar á Listahátíð 2010
22.05 Veðurfregnir
22.10 Orð kvöldsins
22.20 Girmi, grúsk og gloriur
23.10 Lostafulli listræninginn
23.50 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
00.05 Nærtútonar
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

► 19.30 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir lækningar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

20.15 E.R. (16:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Monk (13:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvringinn Adrian Monk.

22.35 Lie to Me (15:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun.

23.20 The Pacific (1:10) Magnaðir verðlaunþættir frá framleiðendum Band of Brothers en hér er sögð saga þriggja bandarískra sjóliða sem berjast með hernum við Japaní í seinni heimsstyrjöldinni.

00.15 E.R. (16:22)

01.00 The Doctors

01.40 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjórnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmynda-áhugamenn.

02.05 Fréttir Stöðvar 2

02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.05 Vicar of Dibley 12.35 Keeping Up Appearances 13.05 The Green, Green Grass 13.35 The Green, Green Grass 14.05 Lab Rats 14.35 Lab Rats 15.05 Waterloo Road 15.55 The Weakest Link 16.40 Monarch of the Glen 17.30 Keeping Up Appearances 18.00 Wrong Door 18.30 Whose Line Is It Anyway? 19.00 Extras 19.30 Whitechapel 20.15 Jonathan Creek 21.05 Come Dine With Me 21.30 The Jonathan Ross Show 22.20 EastEnders 22.50 Torchwood 23.35 Whitechapel

DR 1

12.00 Ved du hvem du er? 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Juniper Lee 14.50 Alfred 15.00 Lotte fra Spektakelmagergade 15.30 Stor & Lille 15.40 Peddersen og Findus 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Jamie Olivers eget køkken 18.00 Lulu og Leon 18.45 Det sode liv 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Miss Marple 21.35 OBS 21.40 Kysset af spritten 22.10 Naruto Uncut 22.30 Boogie Mix

NRK 1

12.30 På innsida av det danske kongehuset 13.00 NRK nyheter 13.10 Med hjertet på rette staden 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Beruflsens fargerike 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Puls 18.15 Takk for sist 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Saltön - varmebølge og aprilvær 20.30 Med spriten som følgesvenn 21.00 Kveldsnytt 21.15 Kriminalsjef Foyle 22.50 Nytt på nytt 23.20 Pakket og klart 23.50 Sport Jukeboks

SVT 1

12.20 Eldfågeln 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Flyttfeber 15.25 Sverige! 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturmyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Agenda special 19.00 Blekingegadebandet 19.45 I Anneli 20.15 Recount 22.10 STCC 23.10 Här är ditt liv, Cory

Umvafin þjónusta

Rekstrarþjónusta Skyggis

Treystu okkur fyrir heildarrekstri tölvukerfa þinna og þú getur áhyggjulaus tryggt viðskiptavinum þínum gæði og framúrskarandi þjónustu.

Frá því að hýsa staka netþjóna og til þess að ráðleggja þér um öryggi gagna, sinna þjónustu við útstöðvar, afrita eða annast rekstur sýndarnetþjóna.

Við umvefjum þig þjónustu og pössum uppá að tölvukerfi þín sé til reiðu þegar þú þarft að vinna og vökum yfir þeim þegar þú sefur.

Skyggis - Rekstrarþjónusta án aukareikninga.

Hafðu samband við söluáðgjafa Skyggis til að fá frekari upplýsingar um rekstrarþjónustu Skyggis. Síminn er 516 1000 og netfangið: sala@skyggis.is

Skyggis

Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 516 1000 | skyggis.is

ITIL® ISO 27001 PRINCE2



Ég horfi mest á sjónvarpsþættina *The Wire* en það eru góðir og vandaðir þættir. Svo finnst mér *Entourage* og *Sons of Anarchy* líka vera góðir.

Kristinn Steindórsson, knattspyrnumaður í Breiðablik.

Múm og 101-elítan í Kraká

Hljómsveitin múm spilaði á einni stærstu tónlistarhátíð Póllands, Sacrum Profanum, í Kraká um síðustu helgi ásamt hópi íslenskra tónlistarmanna. Þrjú þúsund manns voru í salnum og voru tónleikarnir teknir upp. Þeir þóttu heppnast mjög vel enda verða þeir gefnir út á mynddiski á næsta ári.

„Við spiluðum í tvo og hálfan tíma fyrir framan þrjú þúsund manns og þetta var mjög gaman,“ segir Órvar í múm. Sannkölluð elíta tónlistarmanna, að stórum hluta úr 101 Reykjavík, steig einnig á svið, þar á meðal hljómsveitin Amiina, Högni Egilsson úr Hjaltalín, Benedikt Hermann Hermannsson, Jóhann Jóhannsson, Mugison, Sindri úr Seabear, Gyða Valtýsdóttir og pólski útvarpskórinn sem Daníel Bjarnason stjórnaði.

Tónleikarnir voru haldnir undir yfirskriftinni „múm og vinir þeirra“. Eftirpartí var síðan haldið að þeim loknum og þar tróðu upp stuðboltarnir í FM Belfast.

- fb

MÚM OG VINIR Múm ásamt hópi íslenskra tónlistarmanna sem spilaði með þeim á tónleikunum. Á myndina vantar Jóhann Jóhannsson.



Leynifélagið á skjáinn

„Við erum ekki að sjónvarpsvæða útvarpsþáttinn Leynifélagið en við verðum sömu karakterar og í útvarpinu,“ segir Kristín Eva Þórhallsdóttir. Hún og Brynhildur Björnsdóttir hafa um árabil stjórnað barna- og unglingsþættinum Leynifélagið á Rás 1 við miklar vinsældir. Og nú munu þær stjórna morgunsjónvarpi barnanna á laugardagsmorgnum milli átta

og tíu. „Það hefur verið smá hlé á þessu frá því að Birta og Bárður sáu um hana,“ segir Kristín en fyrsti þátturinn fer í loftið laugardaginn 2. október.

Kristín viðurkennir að það verði eflaust mikil breyting fyrir þær að vera með þátt fyrir börn í sjónvarpi. „Maður þarf kannski að venja sig af því að segja „sjáðu“ því fólk sér hlutina í sjónvarpinu sínu,“ útskýrir Kristín og tekur fram að Leynifélagið á Rás 1 sé ekki að hætta. Það verði áfram á sínum stað. -fgg

Í SJÓNVARP Kristín Eva og Brynhildur stjórna morgun-stund barnanna á laugardagsmorgnum í vetur á RÚV.



GÓÐ SAMVINNA Reynir Pétur Ingvarsson og María Sigrún Hilmarsdóttir skemmta sér vel við gerð heimildarmyndar um göngu Reynis Péturs í kringum landið.

MARÍA SIGRÚN HILMARSDÓTTIR: ÞETTA ER EINSTAKUR MAÐUR

Ég kem alltaf endurnærð heim frá Sólheimum

Fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir er um þessar mundir að vinna að heimildarmynd um hinn landskunnna göngugarp Reyni Pétur Ingvarsson, en aldarfjórðungur er liðinn frá því að hann gekk svo eftirminnilega hringinn í kringum landið.

„Ég hafði gengið með hugmyndina að myndinni í svolitinn tíma en vildi biða eftir réttum tímapunkti til að gera hana. Reynir Pétur er einstakur maður og það muna flestir eftir þessum tíma enda fylgdi þjóðin honum vel eftir á göngunni,“ segir María Sigrún. Ákveðið var að ráðast í gerð myndarinnar í sumar þar sem aldarfjórðungur er liðinn frá því Reynir Pétur gekk hringinn, auk þess sem Sólheimar fagna átattíu ára starfsafmæli sínu í ár.

María Sigrún segir Reyni Pétur afskaplega jákvæðan mann með yndislega sýn á lífið sem hún telur

að eigi erindi við landsmenn í dag. „Þar sem ég vinn á RÚV hef ég greiðan aðgang að öllu efninu sem tengist göngu Reynis Péturs og fannst því kjörið að gramsa svolítið í þeirri gullkistu og tvinna saman við efnið sem við erum að taka upp núna,“ segir hún. Tökum lýkur í október og verður myndin frumsýnd í Sjónvarpinu síðar í vetur. Myndina vinnur María Sigrún í samstarfi við tökumanninn Guðmund Bergkvist, en þau gerðu saman heimildarmyndina Börn til sölu, sem fjallaði um mansal á stúlkubörnum í Kambódíu.

María og Guðmundur voru boðin í mat til Reynis Péturs og unnustu hans að loknum einum tökudeginum. María segir gerð myndarinnar hafa verið mjög ánægjulega. „Ég kem alltaf endurnærð heim frá Sólheimum,“ segir hún.

Fréttablaðið náði einnig tali

af Reyni Pétur og spurði hann út í verkefnið og segist hann mjög spenntur fyrir verkefninu. „Auðvitað list manni vel á þetta. Ég kom meira að segja með tillögu að nafngiftinni; *Reynir Pétur, gengur betur*, ég skaut þessu að Maríu og hún sagði að það gæti vel verið að þetta yrði tekið til greina,“ segir hann og hlær. Fréttakonunni lýsir hann sem einstaklega huggulegri og vingjarnlegri stúlku. Hann segist jafnframt vera mjög ánægður með að myndin af þeim í Fréttablaðinu verði í lit.

Reynir Pétur hefur verið í sambúð með Hanný Maríu síðastliðin 26 ár og að hans sögn er unnustan engu minna spennt fyrir verkefninu en hann. „Það sem hún er ánægðust með er að hún fær að smella sér með inn í myndina, en það er auðvitað ég sem á senuna,“ segir göngugarpurinn að lokum og hlær dátt. sara@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Sóknarmaður Hauka, Skagamaðurinn **Arnar Gunnlaugsson**, hefur átt mjög gott tímabil í sumar. Þrátt fyrir að Haukar séu í fallbaráttu hefur hinn 37 ára kappi spilað eins og unglamb og skorað á hvert markið á fætur öðru, auk þess að leggja upp mörk fyrir féлага sína.

Umræða hefur nú skotið upp kollinum á Facebook um að Arnar sé einn af mönnum Íslandsmótsins



og eigi skilið sæti í landsliðinu fyrir frammistöðuna. Aldur hans eigi ekki að hafa nein áhrif á val Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara. Á meðal þeirra sem blanda sér í umræðuna eru fótboltasérfræðingurinn Hjörvar Hafliðason, sjónvarpsmaðurinn **Helgi Seljan** og Egill „Gillzenegger“ Einarsson, sem hefur miklar mætur á Arnari. -fgg

RÁÐSTEFNUR FUNDIR HÓPEFLI



Veislusalur Öskjuhlíð - upplýsingar í s. 617 1111 - www.rubin.is



FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU

EDA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

Opnar vinnufataverslunina Vír

„Við erum að leita aftur til uppuna fyrirtækisins með því að opna vinnufatabúð fyrir almennig,“ segir Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi og eigandi 66° norður, en hann er staddur hér á landi til að undirbúa opnun nýrrar búðar sem nefnist Vír og verður á Grensásvegi 8 í vikunni.

„Síðan ég kom inn í fyrirtækið fyrir sex árum hefur verið meiri áhersla lögð á útivistarfatnað en vinnufatnað en gamla Sjóklæðagerðin var alltaf í miklum viðskiptum við vinnufatagerðina Vír og þess vegna má segja að við séum að leita til fortíðarinnar með opnun þessarar búðar,“ segir Sigurjón en hann er þess fullviss að almenningur taki vinnufata-



VANDAÐUR VINNUFATNAÐUR Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi opnar nýja búð á Grensásvegi í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verslun af þessu tagi fagnandi. „Það er ekki mikið úrval á landinu af fatnaði sem er bæði tískuvara og vönduð vinnuföt. Smíðir eiga að geta farið í sömu búxunum í vinnuna og á barinn en það er svona hugmyndin á bak við búðina,“ segir Sigurjón en hann er nýkominn til landsins frá Ástralíu þar sem hann var að klára tökurlu á sinni nýjustu mynd sem ber nafnið *The Killer Elite* og skartar stjórnuleikurum Jason Statham, Robert De Niro og Clive Owen í aðalhlutverkum. „Þetta gekk tíðindalítið fyrir sig sem þýðir í þessum bransa að allt gekk vel. Það var gríðarlega gaman að gera svona alvöru spennumynd,“ segir Sigurjón en myndin verður frumsýnd á næsta ári. -áp




Nærðu ekki nokkurri átt?

Flott leiðsögukerfi í Nokia símann þinn!

Ovi Maps er fullkomið leiðsögukerfi fyrir Nokia síma. Ítarlegt kort af Íslandi, erlend kort, vegvísir, upplýsingar um áhugaverða staði, s.s. söfn, veitingastaði, hótél o.fl. Notaðu Nokia símann þinn til að komast á leiðarenda.

Kynntu þér málið í næstu verslun Vodafone



Nokia 5230

0 kr.

útborgun og
2.590 kr. á mán.
í 12 mán.

Fullt verð:
29.990 kr.



Nokia E52

0 kr.

útborgun og
4.190 kr. á mán.
í 12 mán.

Fullt verð:
49.990 kr.

Nákvæmar upplýsingar og leiðbeiningar um uppsetningu finnur þú á ovimaps.is


power to you



FRÉTTIR AF FÓLKI

Sagt upp með sms

Dagskrárgerðarmaðurinn **Sigurður G. Tómasson**, sem hefur verið í fríi frá Útvarpi Sögu í sumar, bjóst við að hefja störf á ný í dag og hafði fengið viðmælendur fyrir þátt dagsins. Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri Sögu, sendi Sigurði hins vegar sms-skilaboð í gærkvöldi þar sem fram kom að ekki væri gert ráð fyrir þætti Sigurðar í vetrardagskrá stöðvarinnar. „Þetta er ekkert annað en uppsögn. Ég sé ekki fram á að ég geti unnið þarna áfram, jafnvel þótt Arnþrúður dragi þetta til baka,“ segir Sigurður. Hann segist engar skýringar hafa á uppsögninni, en skemmst er að minnst þess að Arnþrúður sagði Guðmundi Ólafssyni hagfræðingi upp störfum sem pistlahöfundur í þáttum Sigurðar á síðasta ári.



Ósáttur við Gillz

Ágúst Borgþór Sverrisson, ofurbloggari og rithöfundur, er ekki þar sáttur við Egil Einarsson og viðtal sem birtist í Fréttablaðinu fyrir skömmu. Ágústi þykir Egill sýna Rithöfundasambandinu og starfsfólki þess virðingarleysi, yfirgang og hroka. En Gillz lýsti því yfir í viðtalinu að hann vildi taka við stjórnartaumunum og hreinsa aðeins út. Ágúst bætir hins vegar við í lok færslunnar að: „Ég geri mér svo sem grein fyrir því að viðtalið er að einhverju leyti grín. Það gildir hins vegar um grínið eins og aðrar listir að það er yfirleitt bara fyndið í munni þeirra sem eru fyndnir.“



- kg, fgg

Mest lesið VÍSIR.IS

- 1 Harður árekstur vegna starfsmanns hestaleigu
- 2 Henti sér fyrir bíla á Suðurlandsveginum
- 3 Maður á sextugsaldri afvopnaður á slysideild
- 4 Eygló Harðardóttir: Niðurstaðan áfall fyrir Ingibjörgu Sólrúnu
- 5 Hrunið á forsiðu dagblaðs í Sviss
- 6 Sex starfsmenn þjóðkirkjunnar sakaðir um kynferðisbrot

Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.

74,9%



24,9%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

HP Probook 6550



- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

HÖNNUÐ FYRIR FYRIRTÆKI, STÍLFÆRÐ FYRIR EINSTAKLINGA



39.6 cm (15.6") HD

NÝSKÖPUN

HREYFANLEIKI

FRAMMÚRSKARANDI

Vörunnr.: WD700EA

HP Probook 6550

239.900 kr.

- Intel Core i5-450M
- Microsoft Windows 7 Professional 32-bit
- 2GB DDR3 1333MHz
- 320GB SATA II 7200 rpm með 3D DriveGuard
- LightScribe DVD+/-RW SuperMulti DL skrifari
- Magnesium ál rammi
- TPM öryggiskubbur 1.2, HP ProtectTools, Enhanced Pre-Boot Security, HP Spare Key
- HP Disk Sanitizer, Enhanced Drive Lock, Drive Encryption, File Sanitizer
- 3 ára HP ábyrgð

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.



Opnartími: mán - fös. kl. 9 - 18

* Skv. Gartner

OK
búðin

OK búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is